

# 20 22

ÁRSSKÝRSLA



## **Ársskýrsla 2022**


Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins

Skólavörðuholti, 101 Reykjavík

Sími 514 9000 - [tskoli@tskoli.is](mailto:tskoli@tskoli.is)

Kt. 531202-3410

<b>Ávarp formanns</b>	<b>4</b>
<b>Ávarp skólameistara</b>	<b>6</b>
<b>Stefna og gildi</b>	<b>8</b>
Stefna	8
Gildi	9
<b>Sjálfsmat og innra eftirlit</b>	<b>10</b>
Vottað gæðakerfi	10
Öryggis- og heilbrigðismál	10
Vinnustaðagreining	11
Kennslumat og viðhorfskönnun	11
Sjálfsmat	11
<b>Stjórn og stjórnendur</b>	<b>12</b>
Eigendur og stjórn	12
Stjórnendur	13
<b>Starfsemi</b>	<b>14</b>
Tækniskólinn	14
Undirskólar	14
Tengsl við atvinnulífið	14
Kjarnaskóli	15
Námskeið	15
Skólaþróun	15
Netárás	16
Af nýbyggingarmálum	17
Skólar Tækniskólans	18
<b>Þjónusta</b>	<b>19</b>
Náms- og starfsráðgjöf	19
Vinnustaðanáam	21
Sálfræðiþjónusta	21
Hjúkrunarþjónusta	22
Forvarnir	22
Félagsmálafulltrúi	22
Jafnréttismál	22
Upplýsinga- og alþjóðadeild	22
<b>Brautskráning</b>	<b>24</b>
Vorönn	24
Haustönn	27
<b>Félagslíf</b>	<b>30</b>
<b>Markverðir viðburðir</b>	<b>31</b>
<b>Starfsfólk</b>	<b>39</b>
Starfsmannafélag og viðburðir	39
Starfsmannafundur á Nordica	39
<b>Tölulegar upplýsingar</b>	<b>40</b>
Nemendafjöldi í dagskóla	41
Aldursdreifing í dagskóla	42
Aldursdreifing í dreifnámi	43
Kynjaskipting	44
Afkoma ársins	50



## ÁVARP FORMANNS

Lengi hefur verið vöntun á iðn- og verkmenntuðu fólki í landinu. Viðhorf til verknáms hefur orðið æ jákvæðara á liðnum árum sem hefur endurspeglast í aukinni aðsókn í verknám um land allt og fleiri nemar hafa útskrifast. Skólarnir hafa fjölgað nemendum eftir því sem fjárveitingar hafa leyft og Tækniskólinn ákvað reyndar á liðnu skólaári að reka skólann með tapi og innrita yfir hundrað fleiri nemendur en fjárveitingar leyfðu. Eigi að síður þurfti Tækniskólinn enn á ný að hafna hundruðum umsækjenda á liðnu skólaári og síðastliðið haust þurfti að hafna um 500 umsækjendum á landinu öllu, eða um 20% þeirra sem vildu fara í verknám.

Í ljósi þessa er ánægjulegt að ráðherra mennta- og barnamála hefur nýlega kynnt stórtæk áform um uppbyggingu verknáms og á næstu 5–6 árum er ætluð að byggja við flesta þá framhaldsskóla sem bjóða upp á verknám í landinu, 12–16 þúsund fermetra alls. Þessar áætlanir byggjast á nýrri mannfjöldaspá Hagstofunnar en hún gerir ráð fyrir að á næstu tíu árum hækki hlutfall nemenda í verknámi úr 33% upp í um 43% og jafngildir það fjölgun um 1.500–1.800 manns. Þetta hlutfall er í dag um 46% að meðaltali á Norðurlöndunum og reyndar í 60–70% í Finnlandi. Að sama skapi er áætlað að nemum í bóknámi hérlendis fækki á næstu tíu árum um 2.500.

Tækniskólinn er nú í átta fasteignum víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu og er meirihluti bygginganna kominn til ára sinna og þær hannaðar miðað við þarfir síns tíma. Forsvarsmenn skólans hafa á undanförunum 5 árum kynnt sér strauma og stefnur í nýlegum tækniskólum erlendis og unnið að undirbúningi byggingar nýs húsnæðis fyrir alla starfsemina.

Í september 2022 skipaði mennta- og barnamála-

ráðherra verkefnisstjórn um framtíðarhúsnæði Tækniskólans í takti við viljayfirlýsingu sem undirrituð var 7. júlí 2021 á milli mennta- og menningarmálaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, Hafnarfjarðarbæjar og Tækniskólans um samstarf um framtíðarhúsnæði fyrir Tækniskólann á lóð Hafnarfjarðarbæjar við Flensborgarhöfn. Verkefnastjórninni var meðal annars ætlað að koma með tillögur að eignarhaldi og fjármögnun húsnæðisins. Tillögur verkefnastjórnarinnar gera ráð fyrir að byggður verði 24.000–30.000 m<sup>2</sup> skóli fyrir 2.400–3.000 ársnemendur við Flensborgarhöfn. Stofnkostnaður nýbyggingarinnar er áætlaður allt að 27 milljarðar króna á núverandi verðlagi. Tækniskólinn mun stofna sérstakt félag sem mun sjá um framkvæmdina og fjármögnun hennar.

Í tengslum við nýbyggingu Tækniskólans hefur þess verið óskað að athugaður verði fýsileiki þess að sameina Tækniskólann og Flensborgarskólann. Skiljanlega eru skiptar skoðanir um slíka sameiningu enda stendur Flensborgarskólinn stoltur á gömlum merg eins og grunnstoðir Tækniskólans. Þau sem eru andvíg sameiningu telja eigi að síður að tækifæri skólanna til samvinnu í framtíðinni séu mikil enda verða þeir í göngufæri hvor við annan á Flensborgarsvæðinu. Mörg af mótrökunum við slíka sameiningu eru skiljanleg en kostirnir við sameiningu yrðu margir fyrir nemendur framtíðarinnar og ekki ætti að horfa of mikið til fortíðarinnar og sögunnar í þessum efnunum. Einnig ber að varast of skarpa flokkun í bóknám og verknám og ef vel yrði staðið að þessari sameiningu, með því að byggja á styrleikum beggja skólanna, yrði einn sameinaður skóli í nýju húsnæði öflugri en tveir aðskildir skólar. Slík sameining myndi til lengri tíma auðga námsframboð enn frekar

og þar með valkosti nemenda innan veggja eins stórs og sterks skóla. Höfum hugfast að fyrir er heilmikið bóknám í Tækniskólanum og skólinn útskrifar um 100 stúdenta á hverri önn. Fjölbautaskóli Suðurlands er dæmi um skóla þar sem saman fer með ágætum hætti bóknám og verknám innan sama skólans.

Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með góðum árangri nemenda Tækniskólans á ýmsum sviðum eins og glöggt var staðfest á nýafstaðinni hátíðlegri og myndarlegri brautskráningu skólans í Eldborgarsal Hörpu. Þar voru útskrifaðir rúmlega 500 nemendur af 65 mismunandi námsbrautum. Eins og á liðnum árum átti skólinn nú fjölmarga Íslandsmeistara í iðngreinum.

Mikilvægt er að aðlaga nám og námsframboð í Tækniskólanum jafnt og þétt að örum breyting-

um í samfélaginu og atvinnulífinu. Sem dæmi þar um útskrifaðist á vorönn 2023 fyrsti jarðvirkinn frá skólanum en jarðvirkjanámið hefur verið þróað með Félagi vinnuvélaeigenda, Samtökum iðnaðarins og Mennta- og barnamálaráðuneytinu. Við verklegan hluta jarðvirkjanámsins eru notaðir öflugir vinnuvélahermar með áþekktum hætti og flughermar og skipstjórnarhermar eru notaðir til þjálfunar.

Um leið og ég óska nemendum til hamingju með brautskráninguna vil ég þakka stjórnendum skólans, kennurum og öðrum starfsmönnum fyrir alúð og dugnað í metnaðarfullum skóla. Einnig vil ég þakka stjórn skólans fyrir ánægjulegt samstarf.

*Egill Jónsson,  
formaður stjórnar Tækniskólans*



## ÁVARP SKÓLAMEISTARA

Árið 2022 var farsælt fyrir Tækniskólann en það var einmitt árið sem nýju farsældarlögin voru sett. Meginmarkmið laganna, sem er ætlað að stuðla að farsæld barna, er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Tækniskólinn hóf vinnu sem tengist farsældarlögunum beint haustið 2023 en margt af því sem farsældarlögin kveða á um er þegar til staðar í verkferlum og vinnubrögðum starfsfólks skólans. Um áramótin 2022/2023 var ráðinn til skólans verkefnastjóri félagsmála og forvarna en hann mun m.a. gegna lykilhlutverki ásamt náms- og starfsráðgjöfum, sálfræðingi og í reynd öllu starfsfólki skólans þegar við fetum áfram veginn með ný lög í farteskinu til enn betri þjónustu við nemendur okkar.

Mikil gróska hefur verið í skólaþróun í Tækniskólanum undanfarin ár. Það var því ákaflega ánægjulegt fyrir skólann að uppskera þrjár tilnefningar til íslensku menntaverðlaunanna á árinu. Ánægjulegasta og besta skólaþróunin er oftast sú sem sprottin er úr grasrótinni, þar sem áhugasamir og metnaðargjarnir kennarar og nemendur þeirra þróa náms- og kennsluhætti, finna betri og nútímalegri leiðir til þess að læra og nema betur, og nýta tæknina til góðs. Til þess þarf áhugasama og metnaðargjarna kennara og nemendur. Og af þeim eigum við sem betur fer slíkan heljarins helling.

Stundum verður skólaþróun þó að mestu án nemenda í upphafi og þannig er því farið um þróun náms í jarðvirkjun. Jarðvirkjun, sem er ný námsbraut á Íslandi, var hleypt af stokkunum formlega haustið 2022 með 9 nemendum í glæsilegri aðstöðu í Hafnarfirði með fjórum fullbúnum öku- og jarðvinnuhermum. Námið, sem mikil þörf er á í atvinnulífinu, var þróað í

samvinnu við Félag vinnuvélaeigenda og Samtök iðnaðarins, sem veittu styrk til þróunar brautarinnar, og með velvild og samþykki Mennta- og barnamálaráðuneytisins. Við þróun námsins höfum við leitað fyrirmynda á Norðurlöndunum en er brautin þó algjörlega byggð upp á þeim þörfum sem samhent verkefnastjórn taldi nýttast atvinnulífinu hér auk áherslna úr aðalnámskrá framhaldsskóla á Íslandi.

Í námi í jarðvirkjun er mikil áhersla lögð á öryggismál og er því ánægjulegt frá því að segja að fyrsti öryggisstjóri í framhaldsskóla á Íslandi var ráðinn til Tækniskólans haustið 2022 og mun hann gegna mikilvægu hlutverki í að koma skólanum á næsta stig hvað varðar öryggis-, heilsu- og vinnuumhverfismál (ÖHV). Áhersla skólans á að vera til fyrirmynda í öryggis-, heilsu- og vinnuumhverfismál málum snýr ekki einvörðungu að því að tryggja nemendum og starfsmönnum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi á meðan þeir eru í húsnæði skólans, heldur lítum við á það sem einstakt tækifæri að efla með nemendum, sem margir eru á leið beint út á vinnumarkaðinn, ríka og góða öryggisvitund og veita þeim verkfæri sem hjálpa þeim að draga úr líkum á vinnuslysum, bæði sinna eigin og annarra í framtíðinni. Því einstaklingur með ríka og góða öryggisvitund er líklegur til að hafa jákvæð áhrif á samferðafólk sitt til bættrar öryggisvitundar.

Eftirspurn eftir námsplássum í Tækniskólanum hélt áfram að vera langt umfram framboð árið 2022. Þó var ársnemendum skólans í fjárlögum ríkisins fækkað um 80 á milli árána 2021 og 2022, úr 2380 í 2300 eftir að hafa verið fjölgað verulega árið á undan. Þegar ljóst var hversu mörgum nemendum stefndi í að vera hafnað á haustönn 2022 samþykkti stjórn skólans í júní í fyrra að taka inn fleiri nemendur en fjárheim

ildir gáfu tilefni til þótt það myndi leiða til neikvæðrar afkomu skólans, enda kleift í ljósi góðrar afkomu skólans árin á undan. Var vonast til þess að samhliða þessari aðgerð skólans myndu yfirvöld fjölga ársnemendum í fjárlagagerð 2023. Svo reyndist verða og fór ársnemendafjöldi í skólunum í 2400 árið 2023. Betur má þó ef duga skal og standa vonir skólans til að ársnemendum við skólann verði fjölgað enn frekar á næstu árum svo hægt sé að mæta þeim fjölmörgu sem vilja leggja stund á iðn-, tækni- og starfsnám.

Þótt stjórnendur og starfsfólk skólans sé mjög lagið við að þjappa sér í sífellu meira og nýta stofur og hvers kyns pláss sífellt betur er orðið verulega knýjandi fyrir skólann að komast í nýtt og nútímalegt hús á einum stað. Árið 2022 urðu mikilvægt skref í því ferli sem lesa má nánar um

í þessari ársskýrslu. Það er því óhætt að segja að við sigldum inn í árið 2023 full bjartsýni og höldum áfram að vera bjartsýn um skilning og stuðning yfirvalda og samfélagsins alls á nauðsyn þess að Tækniskólinn, sá framhaldsskóli sem býður upp á langfjölbreyttasta námið á framhaldsskólastigi á Íslandi, komist í fyrirhugað framtíðarhúsnæði í Hafnarfirði á næstu árum.

Við þökkum nemendum, starfsfólki og stjórn skólans kærlega fyrir gott og farsælt samstarf árið 2022.

*Hildur Ingvarsdóttir,  
skólameistari*

*Guðrún Randalín Lárusdóttir,  
aðstoðarskólameistari*

# STEFNA OG GILDI

---

## STEFNA

### Hlutverk

Hlutverk Tækniskólans er að bjóða upp á fjölbreytt og framsækið nám í góðu samstarfi við atvinnulífið og að efla nemendur til persónulegs þroska og virkrar þátttöku í samfélaginu. Kjarnastarfsemi skólans er framhaldsskóli með áherslu á tækni-, starfs- og iðnnám.

### Framtíðarsýn

Tækniskólinn sé eftirsóttur skóli með fyrirmyndar aðstöðu, þekktur fyrir fagmennsku og

nútímalegt nám. Skóli sem útskrifar framúrskarandi fagfólk.

### Stoðir

Eftirsóknarverður vinnustaður og vel rekinn skóli þar sem nemendum og starfsfólki líður vel og aðstaða er til fyrirmyndar. Tækniskólinn leggur áherslu á öflug tengsl við atvinnulífið og að vera í forystu við innleiðingu á bestu kennsluáferðum hverju sinni.





## Aðrar stefnur

Aðrar stefnur skólans er að finna í gæðahandbók skólans á [www.tskoli.is](http://www.tskoli.is)

Forvarnarstefna

Gæðastefna

Heilsustefna

Jafnlaunastefna

Jafnréttisstefna

Mannauðsstefna

Persónuverndarstefna

Stefna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi

Stefna í alþjóðamálum

Stefna í skjalavörslu og skjalastjórn

Umhverfisstefna

Vefstefna

Öryggis-, heilbrigðis- og vinnumhverfisstefna

## GILDI

### Alúð

Við sýnum hvert öðru góða framkomu, vinsemi og virðingu. Starfsfólk og nemendur sinna verkefnum af natni og fagmennsku. Nemendur læra vinnubrögð sem stuðla að öryggi, gæðum og skilvirkni.

### Framsækni

Tækniskólinn er framsækinn í kennsluháttum og þróun námsgreina. Við fylgjumst með nýjungum og temjum okkur lausnamiðuð vinnubrögð. Nýsköpun og útsjónarsemi skal vera í fyrirrúmi. Nemendur tileinka sér skapandi hugsun og fagleg vinnubrögð.

### Fjölbreytileiki

Tækniskólinn er skóli margbreytileika með fjölbreyttum námsleiðum og gróskusömu félagslífi. Við berum virðingu fyrir mismunandi menningu og uppruna, þvert á kyn og stöðu einstaklinga. Við sýnum skilning og leggjum okkur fram við að efla og þroska nemendur sem best við getum.



# SJÁLFSMAT OG INNRA EFTIRLIT

## VOTTAD GÆÐAKERFI

Tækniskólinn starfar eftir vottuðu gæðakerfi samkvæmt ISO 9001:2015 og hefur hlotið jafnlaunavottun samkvæmt ÍST85:2012 staðlinum. Kerfin eru vottuð af Vottun ehf. sem framkvæmir reglulega úttekt á kerfunum. Einnig er gæðakerfið reglulega tekið út af óháðum úttektaraðila að kröfu International Maritime Organization svo og af Samgöngustofu. Einnig framkvæmir Menntamálaráðuneytið reglulega úttekt á starfsemi skólans. Skólinn vinnur sjálfur stöðugt að umbótum gæðakerfisins og jafnlaunakerfisins, m.a. með innri úttektum, rýni ferla, rýni atvika, meðhöndlun ábendinga og forvarna- og úrbóta-verkefnum.

Gæðakerfi skólans er ætlað að tryggja að skólinn uppfylli þarfir og væntingar nemenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila skólans. Gæðahandbók skólans heldur utan um skipulagsskjöl, stefnuskjöl og verklagsreglur sem ná yfir alla starfsemi skólans með tilheyrandi vinnulýsingum, gátlistum, eyðublöðum og leiðbeiningum. Gæðahandbókin er aðgengileg öllum starfsmönnum skólans. Gæðaskjölin eru einnig gerð aðgengileg öllum á vefsíðu skólans [www.tskoli.is](http://www.tskoli.is)

## ÖRYGGIS- OG HEILBRIGÐISMÁL

Stefna Tækniskólans er að tryggja öllum nemendum og starfsmönnum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Markmið skólans er að vera slysalaus vinnustaður og stuðla að aukinni öryggisvitund. Til að ná þeim markmiðum er stöðugt unnið að öryggis- og heilbrigðismálum í skólanum. Eldvarnareftirlitið og Heilbrigðiseftirlitið taka reglulega út allar byggingar skólans svo og framkvæmir skólinn sjálfur reglulega eldvarna- og öryggisúttektir ásamt því að skrá og meðhöndla öll atvik sem verða í skólanum. Frávikum er beint í forvarna- og úrbótaverkefni innan skólans.

Stöðugt er unnið að eflingu öryggisvitundar með fræðslu, auknum kröfum til öryggisbúnaðar og strangari reglum. Við skólann starfa öryggisstjóri og öryggisnefnd.

Haustið 2022 var ráðinn til starfa í Tækniskólann öryggisstjóri í fullt starf og mun hann vera fyrsti öryggisstjóri í framhaldsskóla á Íslandi. Þröstur Þór Ólafsson öryggisstjóri Tækniskólans er vélfræðingur og reyndur framhaldsskólakennari og vann meistararitgerð í námi sínu í stjórnun menntastofnana um áhættumat í framhaldsskólum. Hann hefur unnið stíft að innleiðingu áhættumats áfanga í skólanum frá því hann hóf störf, gert úttektir og unnið að úrbótum á búnaði og húsnæði, frætt bæði starfsfólk og nemendur og fjölmargt fleira.



Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, tók þátt í gerð áhættumats í grunnnámi byggongagreina með öryggisstjóra, kennara og nemendum á forvarnardaginn.

Heilbrigðismál eru skólanum einnig hugleikin og vinnur skólinn stöðugt að umbótum er varða heilbrigðis- og vinnuumhverfismál, s.s. loftgæði, hljóðvist og vinnuáðstöðu starfsmanna og nemenda.

Tækniskólinn er aðili að Heilsueflandi framhaldsskóla sem byggist á þeirri stefnu að nálgast heilsueflingu og forvarnir út frá víðtæku og jákvæðu sjónarhorni með það að markmiði að stuðla að vellíðan og auknum árangri allra í skólasamfélaginu, nemenda og starfsfólks. Nálgunin veitir aukin tækifæri til að efla tengslin við nærsamfélagið og auka þannig stuðning og tækifæri nemenda og starfsfólks til að tileinka sér jákvæðan og heilbrigðan lífsstíl.

### VINNUSTAÐAGREINING

Tækniskólinn hefur sett sér það markmið að mæla viðhorf starfsmanna til vinnustaðarinnar með reglulegum könnunum, ekki sjaldnar en annað hvert ár. Viðhorfsskannanir hafa verið gerðar í samvinnu við utanaðkomandi sérfræðinga. Farið er yfir niður- stöður vinnustaðagreininganna með starfsfólki og þar sem viðhorf mælist undir væntingum er stofnað til úrbóta. Samantektir helstu niðurstaða vinnustaðagreininganna eru aðgengilegar á vefsíðu skólans [www.tskoli.is](http://www.tskoli.is)

### KENNSLUMAT OG VIÐHORFSKÖNNUN

Skólinn mælir á hverri önn mat nemenda á kennslu og námi með því að leggja fyrir nemendum spurningar er varða nám og kennslu spannarinnar/annarinnar. Einkunnir frá einum upp í fimm eru gefnar fyrir hvert svar og er það markmið skólans að einkunnir fari ekki niður fyrir 4.0.

Þar sem einkunnir mælast undir 4.0 er stofnað til úrbóta. Niðurstöður kennslumats eru birtar á vefsíðu skólans [www.tskoli.is](http://www.tskoli.is)

Reglulega framkvæmir skólinn viðhorfakannanir meðal nemenda þar sem t.d. líðan nemenda er skoðuð. Einnig hefur skólinn reglulega tekið þátt í stærri könnunum, svo sem reglulegum könnunum á vegum Rannsókna og greininga þar sem lýðheilsa nemenda í framhaldsskólum er skoðuð. Niðurstöður eru birtar á vefsíðu skólans [www.tskoli.is](http://www.tskoli.is)

### SJÁLFSMAT

Árlega framkvæmir skólinn sjálfsmat sem nær til allra þátta skólastarfsins og er unnið í nánum tengslum við stefnu skólans, framtíðarsýn og markmið. Gefin er út sjálfsmatsskýrsla sem er aðgengileg á vefsíðu skólans [www.tskoli.is](http://www.tskoli.is)




# STJÓRN OG STJÓRNENDUR

---

## EIGENDUR OG STJÓRN

Tækniskólinn er einkarekinn skóli og er rekstrarfélagið í eigu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins, Samorku og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Stjórn skólans er skipuð fulltrúum eigenda af eftirtöldum aðilum:


AÐALMENN Í STJÓRN:			
Arna Arnardóttir	SI		
Ágúst Þór Pétursson	SI		
Egill Jónsson	SI	stjórnarformaður	
Einar Sigurðsson	SFS		
Hrefna Karlsdóttir	SFS		
Jóhanna Stefnisdóttir	IMFR		
Páll Erland	Samorka		



## STJÓRNENDUR

Stjórnendur skólans eru eftirfarandi:

STJÓRNENDUR	
Hildur Ingvarsdóttir	skólameistari
Guðrún Randalín Lárusdóttir	aðstoðarskólameistari
Björg Jónsdóttir	rekstrar- og fjármálastjóri
Anna Jónsdóttir	mannauðsstjóri
Gunnhild Hatlemark Öyahals	gæða- og skjalastjóri
Ingibjörg Rögnvaldsdóttir	deildarstjóri upplýsinga- og alþjóðadeildar
Ólafur Sveinn Jóhannesson	deildarstjóri markaðs- og kynningardeildar
Ómar Aage Tryggvason	deildarstjóri tölvu- og tæknideilda
Örvar Geir Örvarsson	deildarstjóri fasteigna
Gunnar Kjartansson	skólastjóri Byggingatækniskólans
Jóna Dís Bragadóttir	skólastjóri Tæknimenntaskólans
Kristín Þóra Kristjánsdóttir	skólastjóri Upplýsingatækniskólans
Ragnhildur Guðjónsdóttir	skólastjóri Endurmenntunarskólans og Tækniakademíunnar
Sandra Borg Gunnarsdóttir	skólastjóri Hönnunar- og handverksskólans
Valdemar G. Valdemarsson	skólastjóri Raftækniskólans
Víglundur Laxdal Sverrisson	skólastjóri Skipstjórnarskólans og Vélækniskólans



# STARFSEMI

---

## TÆKNISKÓLINN

Tækniskólinn er einkarekinn skóli, rekstrarfélag, með þjónustusamning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um rekstur framhaldsskóla. Rekstrarfélagið er í eigu aðila atvinnulífsins, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins, Samorku og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Markmið eigenda rekstrarfélagsins er að skólinn skili færum starfsmönnum út í atvinnulífið. Í þjónustusamningnum eru ákvæði um að rekstrarfélag skólans geti ekki tekið arð úr rekstrinum og allur ábati skili sér til baka í skólastarfið. Í samþykktum Tækniskólans er jafnframt kveðið á um að arður sé ekki greiddur til hluthafa og hagnaði skuli eingöngu ráðstafað til eflingar starfseminnar.

Skólinn er stærsti framhaldsskóli landsins og var stofnaður árið 2008 þegar Iðnskólinn í Reykjavík og Fjöltækniskólinn sameinuðust. Iðnskólinn í Hafnarfirði varð svo hluti af Tækniskólanum haustið 2015.

Tækniskólinn starfar eftir áfangakerfi. Námslok við skólann miðast við að nemendur hafi lokið tilskildum áföngum og einingafjölda eins og tilgreint er í brautarlýsingum skólanámskrár. Skólaárinu er skipt upp í fjórar spannar, haustönn og vorönn.

Meginmarkmið Tækniskólans er að efla samfélagið með því að bjóða upp á fjölbreytta fagmenntun sem samtímis er sniðin að þörfum nemenda og atvinnulífs. Flestar námsbrautir veita sérhæfða menntun á sínu sviði sem lýkur með löggiltum réttindum en opnar jafnframt leiðir til frekara náms.

Tækniskólinn byggir á meira en aldargamalli hefð í menntun iðnaðarmanna, skipstjórnenda og vélstjórnenda en hefur ætíð brugðist hratt og vel við tækninýjungum og breyttum kröfum atvinnulífsins af fagmennsku og metnaði.

## Undirskólar

Tækniskólinn hefur sameiginlega yfirstjórn en kennslan skiptist milli átta undirskóla sem hafa faglegt sjálfstæði. Það eru:

- » *Byggingatækniskólinn*
- » *Hönnunar- og handverksskólinn*
- » *Raftækniskólinn*
- » *Skipstjórnarskólinn*
- » *Tækniakademían*
- » *Tæknimenntaskólinn*
- » *Upplýsingatækniskólinn*
- » *Véltækniskólinn*

Skólameistari stýrir Tækniskólanum en skólastjóri er yfir hverjum undirskólanna. Skólastjórar einstakra skóla Tækniskólans annast faglega ábyrgð og stjórnun á námi við Tækniskólann. Þeir taka einnig virkan þátt í daglegri stjórnun Tækniskólans og sitja vikulega fundi með rekstrarráði skólans.

## Tengsl við atvinnulífið

Kennarar faggreina skólans hafa breiða fagþekkingu, eru stoltir af sínum iðngreinum og bera hag þeirra fyrir brjósti með því að leggja sitt af mörkum til að byggja brú milli skóla og atvinnulífs. Reglulega koma t.d. kennarar úr atvinnulífinu í heimsókn í skólann með innlegg og fyrirlestra og sömuleiðis hafa nemendur unnið verkefni í tengslum við atvinnulífið. Kennslan og starfið í skólanum hefur notið velvildar fyrirtækja og er alltaf vel tekið á móti nemendahópum sem fara í tugi heimsókna á hverju ári í ýmis fyrirtæki sem kemur á góðu sambandi við atvinnulífið og hefur sú tenging heldur verið að aukast. Stórar gjafir hafa verið færðar skólunum frá ýmsum fyrirtækjum í gegnum tíðina, gjafir sem koma sér vel í

kennslu og styðja við námið og auka tengsl við nýjstu tækni og þróun í faggreinunum.

### Kjarnaskóli

Tækniskólinn er kjarnaskóli í skipstjórnar- og vélstjórnargreinum og hefur lagt sig fram um að rækja það hlutverk af alúð og samviskusemi. Helstu verkefni Skipstjórnar- og Vélækniskólanna sem kjarnaskóla á undanföllum árum hafa verið margvísleg og tengst fjölbreyttum verkefnum. Meginverkefni hafa annars vegar verið samstarf og ráðgjöf til innlendra skóla og hins vegar samstarf við stjórnvöld um réttindamál og þróun náms. Námið við þessa skóla er viðurkennt af IMO, Alþjóða siglingamálastofnuninni, og gefa hérland samgönguyfirvöld út alþjóðlega viðurkennd skírteini eftir námið.

### Námskeið

Endurmenntunarskólinn hefur sérstöðu meðal undirskóla Tækniskólans en hlutverk hans er m.a. að efla og auka framboð í endur- og símenntun með þarfir atvinnulífsins að leiðarljósi. Haldinn er fjöldi námskeiða á hverju ári, jafnt starfstengd réttindanámskeið sem og tómstundanámskeið og einnig sérhæfð námskeið fyrir starfsfólk ólíkra atvinnugreina til sjós og lands sem og undirbúningsnámskeið fyrir sveinspróf. Endurmenntunarskólinn hefur notið góðs af opnun framtíðarstofunnar 42 og má segja að mörg ný námskeið hafi sprottið fram í tengslum við aðstöðuna þar og þá grósku sem hefur átt sér stað frá opnun 42.

### Skólaþróun

Í ljósi þess að þrjú skólaþróunarverkefni, sem fulltrúar Tækniskólans hafa tekið þátt í og/eða haft frumkvæði að, voru tilnefnd til Íslensku menntaverðlaunanna árið 2022 verður hér fjallað um skólaþróun í Tækniskólanum.

Kennarar í málaraiðn hafa þróað nýtt verkefnastýrt nám sem byggir á því að nemandi leysi verkefni á eigin hraða. Áhersla er lögð á að nemandi sýni fram á getu sína samkvæmt hæfniviðmiðum námsins en sitji ekki hefðbundna áfanga og námstíminn er háður aðstæðum hvers nemanda. Undanfarin ár hefur áhersla verið lögð á nemendamiðaðar kennsluáðferðir. Verkefnalýsingar eru skýrar og nemandinn beitir þekkingu og áferðum sem hann hefur tileinkað sér til að ljúka verkinu og hefjast handa við það næsta.

Verkefnastýrða námið getur farið fram hvar sem er, ef nemendur hafa aðgang að hentugum rýmum og þeim búnaði sem þarf til að leysa verkefni. Nemendur fá úthlutað tíma í málarastofu og hafa aðgang að kennara. Þeim er einnig frjálst að mæta á öðrum tímum en hafa þá takmarkaðan aðgang að kennara og þurfa sjálfir að skipuleggja hvernig þeir haga námi sínu.

Fyrirkomulagið hefur í för með sér að nemendur bera aukna ábyrgð á eigin námi. Kennararnir hafa lagt áherslu á reglulega endurgjöf til nemenda sem á að skila þeim auknum skilningi á námsefninu og hugtökum og styðja þá í að taka næstu skref til að bæta gæði verkefnanna. Kennarar hafa haft það að leiðarljósi að valdefla nemendur til að meta nám sitt og framfarir sjálfir svo að þeir reiði sig síður á endurgjöf kennara sem er í samræmi við það sem gerist í atvinnulífinu utan veggja skóla.

Innan Tæknimenntaskólans hafa staðið yfir skólaþróunarverkefni – og gera enn – sem einnig er vert að nefna.

Í skólanum hefur verið þróað íslenskubraut fyrir útlendinga sem undanfarna áratugi hefur á frjóan hátt og af metnaði sinnt sístækkandi hópi ungmenna sem hafa annað móðurmál en íslensku. Hin síðari ár hafa ungmenni með flóttabakgrunn verið hluti nemendahópsins og námið einkennst af virðingu fyrir reynsluheimi og styrkleikum hvers og eins.



Þá býður Tæknimenntaskólinn upp á K2: Tækni- og vísindaleið sem er krefjandi námsbraut til stúdentsprófs þar sem farnar eru áhugaverðar og nýjar leiðir við útfærslu námsins. Áhersla er lögð á vísindagreinar, sjálfstæð vinnubrögð og frumlega og skapandi hugsun þar sem nemendur takast á við verkefnaþæð nám og sjálfstæða vinnu með áherslu á lausnaleit, frumkvæði og fjölbreytt verkefnaskil. Samstarf er milli Háskólans í Reykjavík og K2: Tækni og vísindaleiðar sem er til eftirbreytni.

Sigríður Halldóra Pálsdóttir, brautarstjóri á K2: Tækni- og vísindaleið og Helga Birgisdóttir, aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og stundakennari í íslensku við K2: Tækni- og vísindaleið, skrifuðu grein í tímaritinu Skólaþræðir um skólaþróun í Tækniskólanum – með áherslu á lokaverkefni á námsbrautinni K2. Í greininni segir meðal annars:

*„Lokaverkefni byggja á hugmyndafræði verkefnastýrðs náms, leiðsagnarnáms og þess að læra með því að framkvæma (e. learning-by-doing) og virkja um leið valdeflingu nemenda og nemendalýðræði með því að auka vald nemenda í kennslurýminu. Verkefnastýrt nám er ekki nýtt af nálinni og hefur á undanförunum árum rutt sér til rúms sem safn aðferða sem leggur áherslu á þátttöku nemenda sem tileinka sér mikilvæga þekkingu, skilning og lykilhæfni í gegnum rannsóknarvinnu.“*

Greinin hlaut viðurkenningu í samkeppni Samtaka áhugafólks um skólaþróun um ritun greina um áhugaverð þróunarverkefni í framhaldsskólum.

Tæknimenntaskólinn býður einnig upp á starfsbrautir og starfsnám þar sem komið er til móts við ólíkar þarfir margbreytilegs nemendahóps. Hugsjón, ástríða og metnaður einkennir kennara og aðra sérfræðinga skólans, sem hafa leitað leiða til að þróa nám og kennslu með velferð og þarfir nemenda að leiðarljósi, í takt við síbreytilegar þarfir samfélagsins.

Haustið 2022 hófst nám í jarðvirkjun formlega í húsnæði skólans í Hafnarfirði. Námsbrautin, sem Tækniskólinn þróaði í samvinnu við og með stuðningi Samtaka iðnaðarins, Félags vinnuvélaeigenda og mennta- og barnamálaráðuneytisins, er algjörlega ný af nálinni á Íslandi. Námið er ætlað þeim sem vilja vinna við landmótun, uppgröft, efnisflutning, jarðlagnavinnu, undirbún-

ing veiga, yfirborðsfrágang og sambærileg verk. Þetta er tveggja ára heildstætt nám sem er bæði verklegt og bóklegt og mikil áhersla er lögð á hagnýt verkefni og að nýta nýjustu tækni. Þá er rík áhersla lögð á öryggismál. Keyptir voru fjórir fullkomnir jarðvinnu- og ökuhermar sumarið 2022 sem gefa nemendum á öllum aldri tækifæri á að æfa sig í algjörlega öruggu umhverfi og þróa sig áfram á mismunandi vinnuvélar. Nemendur hljóta starfsheitið jarðvirki við námslok.



Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra vígðri fyrsta vinnuvéla- og ökuhermi skólans.



Frá heimsókn ráðherra og vígslu hermis voríð 2022.

Þessi dæmi eru þó eingöngu brot af þeirri skólaþróun sem á sér í sífellu í stað í skólanum sem á rætur sínar að rekja til metnaðarfullra kennara, stjórnenda og annars starfsfólks skólans.

## Netárás

Í byrjun haustannar, nánar tiltekið í september varð Tækniskólinn fyrir yfirgripsmikilli og skipulagðri netárás. Tölvur og netþjónar í tölvukerfum höfðu lent í gíslatökuárás og var fljótt ljóst að árásin var alvarleg. Í ljós kom að ekki var hægt að komast að inngangspunkti árásarinnar og því var ákveðið í sameiningu með Syndis að setja þyrfti upp nýtt tölvukerfi. Tímabundnar



aðgerðir gerðu það að verkum að hægt var að kenna með litlum röskunum strax eftir árás og nýbygging kerfis var svo unnin samhliða og hefur sú vinna staðið yfir síðan. Stefnt er að því að í sumarlok 2023 leggi tölvu- og tæknideild loka hönd á smíði á nýju kerfi sem er talsvert öruggara bæði kerfis- og netlega.

### Af nýbyggingarmálum

Árið 2022 var áfram unnið að undirbúningi nýbyggingar Tækniskólans en árið 2017 ákvað stjórn Tækniskólans að hefja athugun á því hvort mögulegt væri að koma allri starfsemi Tækniskólans undir eitt þak í nýrri skólabyggingu. Var lagt af stað með forhönnun nýs Tækniskóla í samstarfi Tækniskólans, Harry Ables & Partners og EFLU verkfræðistofu. Byggir forhönnunin á hugmyndum um nýjan tækniskóla þar sem eins konar breiðstræti tengir saman þjónustu og samkomu- og vinnusvæði, þannig að leiðir verði greiðar milli mismunandi hluta skólans og jafnframt aðgengi við nærsamfélagið. Með nýjum skóla verður hægt að taka á móti fleiri nemendum og bjóða þeim og starfsfólki fyrsta flokks aðstöðu og aðbúnað. Þá verður hægt að mæta ungum nemendum sem eru að koma beint úr grunnskóla mun betur, ekki síst með tilliti til félagslífs og skólasamfélags. Þá er lögð rík áhersla á að skapa framúrskarandi umhverfi til nýsköpunar og þróunar í samvinnu við nærsamfélagið.

Í framhaldi viljayfirlýsingar stjórnvalda, Hafnarfjarðarbæjar og Tækniskólans sem undirrituð var

7. júlí 2021 skipaði mennta- og barnamálaráðherra þann 6. september 2022 verkefnisstjórn um framtíðarhúsnæði Tækniskólans. Verkefnisstjórnin var skipuð fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytisins, forsætisráðuneytisins fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Hafnarfjarðarbæjar og Tækniskólans.

Í skipunarbréfi verkefnisstjórnarinnar var lagt upp með að verkefnisstjórnin skoðaði leiðir til fjármögnunar verkefnisins og hvernig eignarhaldi á framtíðarhúsnæði skólans verði hátt að m.a. út frá rekstrarfyrirkomulagi skólans. Kostnaðaráætlanir skyldu yfirfarnar og var verkefnisstjórninni ætlað að móta framtíðarsýn um verkefnið í samhengi við stefnu og áherslur mennta- og barnamálaráðuneytisins um starfsmenntun á Íslandi. Verkefnisstjórninni var ætlað að hafa til hliðsjónar þá þarfagreiningu sem Tækniskólinn hefur þegar látið vinna.

Verkefnisstjórnin vann ötullega út árið 2022 og skilaði niðurstöðum sínum á vorönn 2023.

Rík áhersla hefur verið lögð á að virkja bæði starfsfólk Tækniskólans og nemendur í forhönnun skólans og má vænta þess að innri rýni starfsfólks muni hafa veruleg áhrif á endanlegt skipulag og kennsluástöðu í nýja skólahúsinu.

Það er mat stjórnenda Tækniskólans að nýbygging skólans og hugmyndafræðin að baki grunnhönnun hennar muni stórefla starfs- og tæknináms í landinu.



Hugmyndateikning (concept) af nýjum Tækniskóla við Flensborgarhöfn miðað við um 30.000 fm húsnæði. Gert er ráð fyrir að á lóð skólans geti bæst við 20.000 fm viðbygging síðar.

# SKÓLAR TÆKNISKÓLANS



Húsasmiði  
Húsgagnasmiði  
Húsgagnabólstrun  
Tækniþeiknun

Pípulagnir  
Málaraiðn  
Veggfóðrun & dúkalögn  
Múraraiðn



Gull- & silfursmíði  
Hársnyrtiðið  
Hönnunar-  
& nýsköpunarbraut

Fatatækni  
Kjólasaumur  
Klæðskurður



Rafvirkjun  
Rafeindavirkjun  
Rafveituvirkjun

Rafvélavirkjun  
Hljóðtækni



Skipstjórn



Náttúrufræðiþraut  
Starfsþraut

Íslenskuþraut  
K2: Tækni- og vísindaleið



Bókband  
Prentið  
Grafísk miðlun

Ljósmyndun  
Tölvubraut  
Tölvubraut hönnun



Flugvirkjun  
Jarðvirkjun  
Vélvirkjun

Vélstjórn  
Rennismíði  
Stálsmiði



Vefþróun  
Stafræn hönnun

Iðnmeistaránám  
Endurmenntunarskólinn

# ÞJÓNUSTA

## NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Náms- og starfsráðgjafar eru málsvavar nemenda innan skólans og gæta hagsmuna þeirra. Ráðgjöfin snertir fjölmörg svið skólastarfsins en meginþungi starfsins er ráðgjöf við nemendur skólans, bæði í dagskóla og í dreifnámi. Nemendahópurinn er fjölbreyttur og á ýmsum aldri en fjöldi yngri nemenda fer sífellt stækkandi. Það hefur þýtt breyttar áherslur í ráðgjöfinni og mun meira foreldrasamstarf.

Við Tækniskólann hafa starfað fimm náms- og starfsráðgjafar en þeir hafa verið fjórir frá og með hausti 2022 en þá tók einn ráðgjafi við nýju starfi innan skólans sem verkefnastjóri vinnustaðanáms. Sú fækkun, sem og fjölgun nemenda, hafði í för með sér að náms- og starfsráðgjafar þurftu að endurmeta og forgangsraða verkefnum á nýjan hátt. Auk þess fór einn ráðgjafi í leyfi frá störfum í nóvember og desember og annar ráðgjafi kom inn að hluta.

### Nýnemar og foreldrasamstarf

Náms- og starfsráðgjafar kynntu stoðþjónustu skólans á móttöku fyrir nýnema undir 18 ára aldri og forráðamenn þeirra. Tekið var á móti nýnemum í þremur stærstu byggingum Tækniskólans; Skólavörðuholti, Háteigsvegi og í Hafnarfirði, bæði á haust- og vorönn.



Náms- og starfsráðgjafar liðsinntu nýnemum á margvíslegan hátt eins og áður. Þeir voru í góðu samstarfi við umsjónarkennara HVAÐ hópanna um ýmis nemendamál og í tengslum við valviku. Námsráðgjafar fóru inn í lífsleikni og nokkra aðra áfanga þar sem talið var þörf á að kynna stoðþjónustuna nánar. Einnig voru ráðgjafar með kynningu á sal fyrir HVAÐ hópana sem og námstæknikynningu á Microsoft Teams. Náms- og starfsráðgjafar komu að kynningum fyrir foreldra og forráðamenn nýnema.

Nemendur skólans eiga kost á því að taka áhuga-sviðskonunina Bendil og Í leit að starfi hjá náms- og starfsráðgjöfum skólans, fá viðtal og túlkun á niðurstöðum og þó nokkrir nýttu sér það á árinu líkt og áður.

Það er ljóst að nemendum í yngsta aldurshópnum hefur markvisst verið að fjölga í skólanum og í kjölfarið hefur orðið talsverð aukning í foreldrasamstarfi og ýmsum fundarhöldum sem snúa að velferð yngsta hópsins. Óskir um ýmsa aðstoð hefur fjölgað og málum sem tengjast einelti, ofbeldi, áreitni, skólaforðun og hegðun hefur fjölgað til muna. Þessi mál geta verið mjög flók-in, viðkvæm og tímafrek í úrvinnslu. Í vetur hefur drjúgur tími náms- og starfsráðgjafa farið í úrvinnslu slíkra mála.

### Innritun, valvika, töflubreytingar og ástundun

Náms- og starfsráðgjafar sinna fjölmörgum erindum sem lúta að umsóknum í skólann. Þetta eru til að mynda fyrirspurnir sem snúa að upplýsingagjöf um námsbrautir, inntökuskilyrði, námsmat úr öðrum skólum, námsaðstoð í skólanum, vali á áföngum í dreifnámi sem og í fjarnámi annarra skóla. Þeir koma einnig að ráðgjöf vegna brautarskipta, skólaskipta og vali áfanga fyrir næstu annir. Þess má geta að álag vegna töflubreytinga hefur aukist í takt við þær breytingar sem gerðar voru þegar annarkerfinu

var breytt í spannir. Það þýðir að í staðinn fyrir að umsýsla í kringum töflubreytingar fari fram tvisvar á ári, þá er það núna fjórum sinnum á ári. Það hefur haft í för með sér þá breytingu að fyrirspurnir um töflubreytingar, uppsetningu áfanga, úrsagnir og fleira berast stöðugt yfir skólaárið. Námsráðgjafar hafa einnig verið skólastjórum til ráðgjafar þegar kemur að innritun á námsbrautir, bæði fyrir haust- og vorönn. Að lokum má nefna að náms- og starfsráðgjafar gera ástundunarsamninga við nemendur sem ná ekki lágmarksárangri á önninni og þurfa að undirrita samning til að halda skólavist. Þetta eru rúmlega 100 nemendur í lok hvernar annar og þessi viðtöl taka drjúgan tíma þar sem mikilvægt er að fara vel yfir mál hvers og eins, oft í samvinnu við foreldra og stundum aðrar stofnanir eða sérfræðinga. Náms- og starfsráðgjafar skrá einnig ástæður brotthvarfs á milli anna og geyma þær upplýsingar í skjalakerfi skólans.

### Kynningarfundir, fræðsla og nefndarstörf

Náms- og starfsráðgjafar leggja mikla áherslu á að sinna endurmenntun, kynna sér starfsemi utan skólans og að efla samstarf og tengsl við ýmsa fagaðila.

Eins og áður hefur komið fram, koma ráðgjafar að kynningu fyrir nýnema og forráðamenn þeirra. Auk þess kynntu þeir stöðþjónustu skólans fyrir nýnemum í hljóðtækni, kvikmyndatækni og flugvirkjun. Námsráðgjafi hafði fasta viðveru aðra hvora viku í húsnæði flugvirkjanema. Ráðgjafi kynnti einnig sérstaklega framhaldsnám fyrir nemendum á 4. stigi íslensku-brautar.

Náms- og starfsráðgjafar tóku þátt í starfsmannadegi Tækniskólans um stefnumótun og jákvæð samskipti. Hluti af hópnum fór í skólaheimsókn til Kaupmannahafnar, ráðgjafar tóku á móti erlendum gestum sem heimsóttu skólann, tóku þátt í opnu húsi Tækniskólans, fóru á námskynningu um verk- og tæknifræði í Háskólanum í Reykjavík, sátu nokkra fagfundi um náms- og starfsráðgjöf, framkvæmdu áhættumat á starfinu í samvinnu við öryggisstjóra, sátu fund um þróun íslensku-brautar og höfðu aðkomu að Tungumálatorgi. Náms- og starfsráðgjafar komu að gerð sérúrræðbanka SÍF fyrir hönd skólans og sinntu starfsþjálfun náms- og starfsráðgjafarnema frá Háskóla Íslands. Námsráðgjafi sótti sér kennsluréttindi í nútíund og samkennd fyrir börn og ungmenni.



Náms- og starfsráðgjafar sátu fund Landlæknisembættis um forvarnir og viðbrögð við kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi. #metoo bylting í framhaldsskólum olli vitundarvakningu meðal nemenda og starfsfólks um málaflokkinn. Það hafði þau áhrif að málum af þeim toga fjölgaði og fór drjúgur tími í úrvinnslu þeirra sem í eðli sínu eru flókin, viðkvæm og tímafrek.

Náms- og starfsráðgjafar sátu fund um innleiðingu farsældarlaganna og ráðstefnu um farsæla skólagöngu allra barna. Í kjölfarið tóku þeir þátt í samráðsfundum og samstarfshópum um mál-efnið og er sú vinna enn þá í fullum gangi.

Að lokum má nefna að líkt og áður sitja náms- og starfsráðgjafar í ýmsum nefndum á vegum skólans, s.s. áfallateymi og í teymi um einelti og kynferðislega áreitni. Talsvert var um slíkt mál á skólaárinu.

### Önnur mál

Náms- og starfsráðgjafar ákváðu að halda föstum símatímum en þurftu að skera niður tímafjöldann vegna fækkunar í ráðgjafahópnum. Það sama á við um nýnemaviðtölin en þau hafa fallið niður af sömu ástæðu þetta árið en vonir standa til þess að hægt verði að endurvekja þau næstkomandi haust. Áfram nýttu nemendur sér viðtalsbókunarkerfi í Innu sem reynist afar vel í öllu skipulagi.

Náms- og starfsráðgjafar komu að mörgum erfiðum og viðkvæmum málum á skólaárinu. Má þar nefna fjölgun tilkynninga um kynferðislegt áreiti í kjölfar #metoo byltingarinnar, aukningu í staf-rænu einelti og áreitni sem og málum sem snúa að útilokun/slaufun. Einnig komu upp mál tengd hatursorðræðu í garð ákveðinna hópa, meiri úrvinnsla vegna eineltismála og málum tengdum

barnavernd. Þar sem náms- og starfsráðgjafar eru málsvavarar nemenda þurfa þeir oft að stíga inn í erfið mál sem geta komið upp í skólanum sbr. þegar kvartanir berast vegna framkomu kennara og fleira.


Fyrirséð er að náms- og starfsráðgjafar þurfi í auknum mæli að koma að nýjum verkefnum vegna farsældarlaganna sbr. hlutverk skólans sem 1. þreps þjónustuaðila og skipan tengiliða sem halda utan um einstök mál nemenda, oft í samvinnu við aðila utan skólans. Einnig þarf að huga að hlutverki náms- og starfsráðgjafa vegna breytts fyrirkomulags í vinnustaðanámi sem er nú á forræði skólanna. Að einhverju leyti er þessi vinna þegar hafin innan ráðgjafahópsins, bæði hvað varðar innleiðingu farsældarlaganna sem og aðkomu að vinnustaðanámi nemenda sem kristallast í fjölgun fyrirspurna í tengslum við það.

Heilt yfir var skólaárið 2022 afar fjölbreytt og fullt af áskorunum. Spennandi tímar eru framundan í náms- og starfsráðgjöfinni með öllum þeim nýju verkefnum sem eru á döfnni.

## VINNUSTAÐANÁM

Haustið 2022 var ráðinn verkefnastjóri vinnustaðanáms við Tækniskólann. Samkvæmt reglugerð 180/2021 um vinnustaðanám ber framhaldsskólum að hafa umsjón með nemendum í vinnustaðanámi hverju sinni. Skólinn ber því ábyrgð á gerð námssamninga fyrir nemendur í löggiltum iðngreinum og skal fylgja því eftir. Þannig verður vinnustaðanámið hluti af útskrift nemenda á iðnnámsbrautum. Meðan á vinnustaðanámi stendur skal hæfni nemanda metin samkvæmt hæfnikröfum starfsins og hæfniþáttum í rafrænni ferilbók.

Ljóst er að þessi breyting er viðamikil í stórum og fjölbreyttum skóla eins og Tækniskólanum og teygir anga sína víða. Skólinn þarf því að skipuleggja námsbrautir nemenda með þeim hætti að þeir nái að ljúka starfsþjálfun í takt við námsframvindu. Ferilbókin og gerð námssamninga kallar á mörg verkefni sem skólanum ber að sinna. Þar má nefna; að undirbúa nemendur undir að sækja um námssamning, gera námssamningana og stofna rafræna ferilbók, fylgja námssamningunum eftir, aðstoða þá sem ekki komast á samning, vera í samskiptum við fyrirtæki og taka á ágreiningsmálum sem upp geta komið á vinnustað. Verkefnastjóri kom að öllum þessum þáttum í samráði við stjórnendur skólans og hagsmunaaðila utan skólans.



Á haustönn var áhersla lögð á samræma vinnulag innan skólans og jafnframt aðlaga það að þörfum einstakra námsbrauta. Áhersla var á kynningar meðal starfsfólks og nemenda, samtöl og viðtalstíma fyrir nemendur og undirbúning verkefna. Í ferilbókinni er ýmislegt sem þarf að gera notendavænna og drjúgur tími fór í mál því tengt. Nemendum sem útskrifast með rafræna ferilbók fjölga hratt og innan tíðar munu allir iðnnemar heyra undir rafræna ferilbók sem skólinn ber ábyrgð á.

## SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA

Sálfræðiþjónusta hefur nú verið starfrækt við Tækniskólann síðan haustið 2018. Benedikt Bragi Sigurðsson sálfræðingur var ráðinn til starfa hjá Tækniskólanum í 60% stöðu frá 8. ágúst 2018, en í fulla stöðu frá 1. nóvember sama ár. Megin tilgangur sálfræðiþjónustunnar er að bjóða nemendum upp á gjaldfrjálsa sálfræðiþjónustu í nærumhverfi þeirra, þ.e. í skólanum. Auk þess var horft til þess að sálfræðingur gæti boðið upp á námskeið og fræðslu og að starfsfólk gæti leitað eftir sálfræðiþjónustu ef svigrúm skapaðist til.

Sálfræðiþjónustan er í boði í þremur húsum Tækniskólans, á Skólavörðuholti, við Háteigsveg og í Hafnarfirði. Boðið er upp á tímabantanir í gegnum Innu en þannig geta nemendur pantað sér tíma milliliðalaust og valið þá tímasetningu sem passar við stundatöflu þeirra. Nemendur hafa tekið vel í þessa þjónustu og nýtt sér hana. Samstarf var haft við Landlæknisembættið og gæða- og skjalastjóra skólans um vinnulag, örugga varðveislu persónuupplýsinga og fleira.

Á starfsárinu 2022 fór Benedikt í heimsóknir í kennslustundir í lífsleikni, en umræðuefni hverju sinni var ákveðið í samráði við hvern og einn kennara. Benedikt sat í nefnd um heilsueflandi framhaldsskóla og heimsótti alla HVAÐ hópa. Benedikt er í nánú samstarfi við náms- og starfsráðgjafa Tækniskólans sem og aðra í stoðteymi skólans. Benedikt sat auk þess ýmsa fundi vegna agamála, mála sem snéru að ofbeldi, áreitni, kynferðisbrotum og annars konar málefnum tengdum nemendum. Auk þess tók hann þátt í umfjöllun, rannsókn, úrvinnslu og eftirfylgd mála í samræmi við áætlanir skólans þar að lútandi.

Segja má að á starfsárinu 2022 hafi sálfræðipjónustan hægt og rólega komist í fyrra horf með tilliti til COVID-19 heimsfaraldurs. Fjarviðtölum fór fækkandi, bæði nemendur og sálfræðingur notuðu grímu í minna mæli og fleira í þeim dúr. Fjarviðtöl heyra nú til algjörra undantekninga. Umræðuefni í viðtölum hefur einnig breyst, þeir nemendur sem leita til Benedikts ræða í minna mæli um íþyngjandi áhrif þess að vera heima og stunda fjarnám og félagskvíði er ekki alveg jafn algengt umræðuefni og var á meðan COVID-19 stóð sem hæst.

## HJÚKRUNARÞJÓNUSTA

Á haustönn 2022 hófu tveir hjúkrunarfræðingar í 50% starfshlutfalli störf hjá Tækniskólanum. Um er að ræða tilraunaverkefni sem fjármagnað er af Heilbrigðisráðuneytinu. Hjúkrunarfræðingarnir eru á vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og verkefni þeirra er að veita nemendum aðstoð vegna andlegrar vanlíðunar og fræðslu um heilbrigði og forvarnir. Í fræðslunni er sérstaklega lögð áhersla á jákvæða sjálfsmynd, hreyfingu, næringu, hvíld, andlega vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilning á eigin tilfinningum og annarra.

## FORVARNIR

Stefna Tækniskólans er að styðja nemendur í að setja sér skýr markmið í lífinu og vinna markvisst að því að ná þeim. Skólinn leggur áherslu á lífshætti sem leiða til sjálfsvirðingar, sjálfstjórnar og árangurs. Skólinn leggur einnig áherslu á virðingu fyrir einstaklingum og sérstöðu þeirra, öflugt félagslíf, gott mótuneyti og margvíslega nemendapjónustu. Skólinn vill aðstoða þá sem hafa ánetjast vímuefnum og í skólanum er notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna bönnuð.



## FÉLAGSMÁLAFULLTRÚI

Hlutverk félagsmálafulltrúa er að styðja við og veita Nemendasambandinu og skólafélögnum ráðgjöf. Eins hefur hann það hlutverk að vinna markvisst að eflingu félagslífs innan skólans. Félagsmálafulltrúi er í fullu starfi við skólann.

## JAFNRÉTTISMÁL

Við skólann er virk jafnréttisnefnd sem skipuð er fulltrúum starfsmanna, kennara og nemenda. Einnig vinnur skólinn að vottuðu jafnlaunakerfi og jafnréttisnefnd nemenda stendur fyrir fræðslu og framförum á sviði jafnréttismála.

## UPPLÝSINGA- OG ALÞJÓÐAÐEILD

Meginhlutverk upplýsinga- og alþjóðadeildar er að veita nemendum og starfsmönnum Tækniskólans greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu auk þess að sjá um alþjóðamál skólans, sækja um Erasmus+ styrki og hafa umsjón með nýtingu þeirra. Á skólaskrifstofu tekur starfsfólk m.a. á móti fyrirspurnum frá nemendum jafnt sem almenningi og veitir almennar upplýsingar um nám og kennslu. Á bókasafninu er veitt fjölbætt þjónusta, s.s. aðstoð við upplýsingaöflun, heimildaleit og kennsla í notkun heimilda, útlán, uppsetningu verkefna og prentun auk persónulegrar aðstoðar við tölvunotkun. Starfsfólk sér einnig

um útgáfu prentkorta til nemenda og starfsfólks. Safnið stendur fyrir kennslu í upplýsingalæsi fyrir fyrsta árs nemendur og starfsfólk kennir jafnframt hvernig fara skal með heimildir í heimildaritgerðum og lokaverkefnum. Tekið var á móti fimm hópum í lífsleikni á vorönn, þar af voru fjórir á Skólavörðuholti og einn í Hafnarfirði, einn hópanna á Skólavörðuholti var lífsleiknihópur fyrir starfs- braut. Einnig var tekið á móti tveimur hópum í íslensku í sambærilegan fyrirlestur þar sem farið er dýpra í efnið og tengt við námsefni og kröfur í áfanganum. Á haustönn var tekið á móti sex hópum í lífsleikni á Skólavörðuholti og tveimur í Hafnarfirði.



Starfsfólk upplýsinga- og alþjóðadeildar hefur umsjón með grunnskólavali, þ.e. að skrá og halda utan um nemendur í 10. bekk grunnskóla sem velja sér áfanga í Tækniskólanum.

### Tölulegar upplýsingar

Safnkosturinn er skráður í bókasafnskerfið Gegni auk þess sem safnið nýtir sér landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum gegnum vefinn leitir.is

Skráð eintök í bókasafnskerfið Gegni árið 2022 voru 19.803, þar af voru 19.803 eintök bóka. Um mitt árið var tekið upp nýtt bókasafnskerfi

fyrir allt landið, yfirfærsla gagna gekk vel og starfsfólk sótti námskeið í nýja kerfinu á vegum Landskerfis bókasafna. Margir nemendur notfæra sér þjónustu bókasafns, þar er góð aðstaða til hópvinnu og mörgum finnst líka gott að sitja þar og spjalla eða bara „hanga“.

### Alþjóðamál

Tækniskólinn er þátttakandi í fimm samstarfsverkefnum með öðrum skólum í Evrópu og eftir losun ferðatakmarkana var loks hægt að halda áfram og þetta ár var því mikið um Erasmus+ ferðalög. Einnig fóru hópar nemenda s.s. í ljósmyndun, starfænni hönnun og grafískri miðlun á námskeið og í skólaheimsóknir og margir einstakir nemendur tóku hluta af eða allt starfsnámið erlendis.

### Ferðir nemenda og starfsmanna

Fjöldi nemenda sem fóru í skemmri ferðir s.s. hópferðir var 55 en til lengri dvalar, í 3 til 6 mánuði, voru 20. Kennarar og annað starfsfólk sem nýttu sér Erasmus+ styrk voru 11 talsins. Allir styrkþegar þurfa að skila skýrslu og umsögn í lok ferðar. Skil hafa verið 100% og umsagnir afar jákvæðar.

### Erlendir gestir

Heimsóknir til skólans voru áberandi margar á árinu og stundum margar heimsóknir í viku. Um var að ræða kennara, starfsfólk og stjórnendur víðs vegar að úr Evrópu að kynna sér starfshagi, kennslu og námið í Tækniskólanum. Gestir ársins voru rúmlega 160 talsins frá a.m.k. 15 löndum og alls staðar sem þeir komu voru móttökur starfsmanna og nemenda Tækniskólans til fyrirmyndar og sönnuðu gildi skólans, s.s. fjölbreytileika og alúð.



# BRAUTSKRÁNING

## VORÖNN 2022

Fjölbreyttur hópur nemenda mætti til útskriftar í Eldborgarsal Hörpu sunnudaginn 22. maí. Alls voru brautskráðir 483 nemendur frá eftirfarandi skólum/deildum Tækniskólans:

- » Byggingatækniskólanum
- » Hönnunar- og handverksskólanum
- » Raftækniskólanum
- » Skipstjórnarskólanum
- » Tæknimenntaskólanum
- » Upplýsingatækniskólanum
- » Vél-tækniskólanum
- » Tækniakademíunni
- » Meistaraskólanum

Líkt og venjan er settu nemendur skólans svip sinn á útskriftarathöfnina. Guðrún Gígja, nemandi á tölvubraut og sigurvegari í Söngkeppni Tækniskólans, flutti tónlistaratriði og Hálfán Helgi, nemandi á K2, hélt hrifandi ræðu fyrir hönd útskriftarnema.

### Þú verður að sækja tækifærin

Hálfán Helgi flutti nemendaræðu á athöfninni. Hálfán talaði meðal annars um hvað skólaganga hans hafi verið æðisleg og hann er



Hálfán Helgi flutti nemendaræðu á athöfninni.

þakklátur fyrir að hafa kynnst öllu þessu frá-bæra fólki í skólanum sem hefur haft gríðarlega jákvæð áhrif á líf hans. Hálfán sagði útskriftina stór tímamót í lífi allra nemenda þar sem þá er komið að því að velja hvað skal gera næst.

„Ég veit að það eru margir hér sem ætla beinustu leið í háskóla og halda áfram að læra og aðrir skella sér út á vinnumarkaðinn en ég veit líka að það eru einhverjir hérna sem hreinlega hafa ekki hugmynd um það hvað þeir ætla að gera næst. Málið er að þó að þessum kafla í lífi okkar sé lokið þá er allt lífið fyrir framan okkur og við getum gert nákvæmlega það sem við viljum. En það er samt gott að muna að það gerist ekkert ef þú gerir ekkert. Það er ekki hægt að sitja heima allan daginn og bíða eftir að tækifærin komi, þú verður að sækja tækifærin og nýta þau sem þú færð.“

Þess má geta að Hálfán Helgi hlaut viðurkenningu fyrir félagsstörf í þágu skólans. Hann spilaði stórt hlutverk í félagslífi Tækniskólans síðustu ár og gegndi til að mynda stöðu formanns og vara-formanns NST.

### Nám í jarðvirkjun framfaraskref

Hildur Ingvarsdóttir skólameistari flutti ávarp og óskaði nemendum, aðstandendum og starfsfólki til hamingju með daginn. Hildi þótti sérlega gleðilegt að geta loks haldið útskrift án takmarkana og er stolt af því samfélagi sem Tækniskólinn er.

„Ég fyllist ávallt miklu stolti þegar ég horfi yfir salinn á útskriftardegi. Ég er svo stolt að tilheyra því samfélagi sem þessi skóli er. Ég gæti best trúað því að þessi salur gæti rekið Ísland. Í dag útskrifast nefnilega fólk sem getur skapað, hannað og siglt, reiknað og teiknað, klippt og greitt, smíðað og saumað, forritað og þróað, tengt og soðið, flutt mál í ræðu og riti, leitt stóra sem litla hópa, lagað



*og betrubætt. Í starfsmannahópnum er svo fólk sem getur kennt og miðlað af viðtækri þekkingu og reynslu, stutt og hvatt og gert svo margt fleira.“*

Að lokum þakkaði hún kennurum og öðru starfsfólki skólans fyrir frábær störf og ósérhlífni. Nemendum óskaði hún alls hins besta, hvatti þá til að leggja alúð í verk sín og bera virðingu fyrir samferðafólki sínu.

### Líkaði vel við staðinn, nemendur og kennara

Hákon Máni Albertsson, tvítugur nemandi í húsasmíði, hlaut verðlaun fyrir góðan árangur í greininni. Hákon Máni er Vesturbæingur, fór í Melaskóla og svo í Hagaskóla. Í Hagaskóla kynntist hann frábærum smíðakennara, sem hvatti hann áfram í tímum, sem varð til þess að hann mætti á opið hús hjá Tækniskólanum og kynnti sér m.a. nám í húsasmíði. Það var svo haustið 2018 að Hákon hóf nám í Byggingtækniskólanum.

*„Ég byrjaði í húsgagnasmíðinni en breytti svo yfir í húsasmíðina. Ég fann mig mjög vel í náminu og líkaði vel við staðinn, nemendur og kennarana. Námsráðgjafarnir voru líka alltaf boðnir og búnir að aðstoða mig með hvað sem var. Þegar ég var að byrja þarna var Númi [þáverandi Íslandsmeistari í húsasmíði] alltaf bestur í öllu og ég vildi komast þangað.“*

Hákon Máni fer í sveinsprófið í júní en hann ætlar svo að klára stúdentsprófið og stefnir að því búnu á nám í iðnfræði í Háskólanum í Reykjavík.



Hákon Máni Albertsson, nemandi í húsasmíði.



Egill Andri hlaut verðlaun fyrir bestan heildarárangur.

### Verkefni í formi rapp og stuttmynda

Egill Andri Reynisson, nemandi á K2, hlaut verðlaun fyrir bestan heildarárangur í skólanum. Egill Andri er úr Vesturbæ Reykjavíkur og hóf nám í Tækniskólanum haustið 2019. Að grunnskóla loknum var hann óviss hvert skyldi halda næst en eftir að hafa talað við námsráðgjafa í Hagaskóla, sem taldi K2 fullkomna braut fyrir Egil, ákvað hann að skoða námið betur. Hann mætti í framhaldinu á opið hús í Tækniskólanum, spjallaði við nemendur á brautinni og ákvað loks að sækja um. Þegar hann svo byrjaði í náminu fann hann sig vel og tengdi strax við samnemendur sína.

*„Það sem var líka frábært við K2 var frelsið sem við fengum í allri verkefnavinnu. Ég hef meðal annars skilað af mér verkefnum í formi rapp og stuttmynda. Í fyrstu var ég aðeins hikandi því mér þótti þetta kennsluform framandi en eftir mína reynslu vil ég segja við alla þá sem eru smeykir að sækja um að þetta er ekkert til að hafa áhyggjur af. Nemendurnir eru alls konar og námið skapandi. Ég á virkilega góðar minningar úr Tækniskólanum.“*

Egill hefur alltaf haft mikinn áhuga á kvikmyndum og næst liggur leið hans í Kvikmyndaskóla Íslands þar sem hann mun stunda nám í leikstjórn og framleiðslu.

### Aukið ímyndunarafli eftir námið

Margrét Líf Jóhannesdóttir, 19 ára nemandi á hönnunar- og nýsköpunarbraut, hlaut verðlaun fyrir næstbestan heildarárangur í skólanum. Margrét var snemma á því að hefðbundið bók-nám hentaði henni ekki og frá unga aldri var hún



Margrét Líf, nemandi á hönnunar- og nýsköpunarbraut.

Margrét Líf, nemandi á hönnunar- og nýsköpunarbraut, harðákveðin að fara í Tækniskólann. Hún rakst svo á hönnunar- og nýsköpunarbrautina þegar hún var í 9. bekk og vissi þá strax að ekkert annað kæmi til greina.

*„Eftir að hafa stundað námið síðastliðin þrjú ár hef ég lært svo margt. Ég heffengið að prufa allskonar hluti sem ég hélt að ég myndi aldrei fá að prufa, eins og gull- og silfursmíði, rafvirkjun og bókbönd. Mér fannst námið á þessari braut dásamlegt, ásamt kennurunum og samnemendum mínum. Brautin er lítil og þægileg sem gerir það að verkum að þú myndar nánari tengsl. Mér fannst ímyndunaraflíð líka aukast þar sem maður kynnist svo mörgum öðrum hugmyndaríkum einstaklingum.“*

Samkvæmt Margréti er allt opið í framtíðinni en hún hefur nú þegar fengið inngöngu í LHÍ í vörühönnun. Margrét Líf mælir sterkt með námi á hönnunar- og nýsköpunarbraut fyrir alla þá sem hafa áhuga á list, hönnun eða öðru á því sviði.

### Iðnmeistari í netagerð

Gunnlaugur Hólm Sigurðsson lauk iðnmeistaránámi í netagerð við Tækniskólann og er þar með einn af fáum netagerðarmeisturum landsins.

Gunnlaugur er frá Dalvík, fór fyrst á sjó 15 ára gamall og stundaði sjómennsku í tugi ára líkt og margir af hans ættingjum. Eftir 33 ár til sjós fékk hann sumarvinnu við netagerð og eftir tvö sumur á landi upplifði hann þá tilfinningu að vilja ekki snúa aftur á sjóinn. Konan hans studdi þessa ákvörðun og eftir nokkrar vangaveltur fannst honum liggja beinast við að læra netagerð.

Gunnlaugur tók sveinspróf í faginu eftir nám í Fjölbautaskóla Suðurnesja og að því búnu ákvað hann að fara í meistaranámið í Tækniskólanum. Nú starfar Gunnlaugur hjá Hampiðjunni og líkar vel í sínu starfi. Hann er þó uggandi yfir framtíð greinarinnar.

*„Ég hef áhyggjur af starfsstéttinni, það eru svo fáir sem læra þetta. Ég hvet einstaklinga til þess að íhuga þetta nám því það vantar vissulega fólk í netagerð.“*

### Allt mitt líf hef ég haft þessa ástríðu á list

Viktorija Tambakeviciute, nemandi á hönnunar- og nýsköpunarbraut, hlaut meðal annars verðlaun fyrir ástundun og vinnusemi. Viktorija er fædd og uppalin í Litháen en flutti ásamt foreldrum sínum til Íslands þegar hún var 16 ára. Hún kláraði upphaflega íslenskubraut í Tækniskólanum og að því búnu hóf hún nám á hönnunar- og nýsköpunarbraut.

*„Allt mitt líf hef ég haft þessa ástríðu og áhuga á list. Tækniskólinn stóð upp úr þar sem mér fannst hann passa best við áhugamálin mín og bauð um leið upp á frábæra fræðslu. Eftir skólagönguna hér hef ég þróað sköpunargáfuna og lært einstakar leiðir til að breyta hugsunum og hugmyndum mínum í vel útfærð verkefni.“*

Viktorija hefur ekki ákveðið hvað hún tekur sér fyrir í framhaldinu en hún er sannfærð um að námið í Tækniskólanum hafi verið góður undirbúningur fyrir næsta skref í lífinu, hvað svo sem það verður.



Viktorija Tambakeviciute, hlaut verðlaun fyrir ástundun.

## HAUSTÖNN 2022

Fjölbreyttur hópur glæsilegra nemenda mætti til útskriftar í Eldborgarsal Hörpu þriðjudaginn 20. desember. Alls voru brautskráðir 360 nemendur frá eftirfarandi skólum/deildum Tækniskólans:

- » Byggingatækniskólanum
- » Hönnunar- og handverksskólanum
- » Raftækniskólanum
- » Skipstjórnarskólanum
- » Tæknimenntaskólanum
- » Upplýsingatækniskólanum
- » Véltækniskólanum
- » Meistaraskólanum

Nemendur Tækniskólans settu svip sinn á athöfnina líkt og áður en Una Torfadóttir, nemandi í fatatækni, hóf athöfnina með tónlistarflutningi. Muslim Salimov flutti ræðu fyrir hönd útskriftarnema og sagði meðal annars frá dvöl sinn í skólanum.

### Ég á margar góðar minningar um skólann

Muslim Salimov er 19 ára og kemur frá Kirgistan. Hann kom til Íslands haustið 2020 og hóf nám á íslenskubraut í janúar 2021. Samkvæmt Muslim var erfitt að læra íslensku en með þrautseigju komst hann í gegnum þetta og á margar góðar minningar úr skólanum.

*„Það var mjög erfitt að læra íslensku, sérstaklega málfræði, en mig langaði mikið til að læra íslensku. Ef þig langar eitthvað nógu mikið, þá getur þú það. Ég á margar góðar minningar um Tækniskólann og ein sú besta er líklega að við fórum í mismunandi ferðir um landið. Það var mjög gaman og ef ekki væri fyrir Tækniskólann veit ég ekki hvenær ég hefði heimsótt svo marga staði. Mig langar bara að segja takk kærlega allir kennarar fyrir allt sem þið kennduð okkur. Þið kennduð okkur ekki bara íslensku heldur líka um lífið á Íslandi.“*

Að lokum óskaði Muslim nemendum á útskriftinni góðs gengis og hvatti þá til að gefast aldrei upp.



Muslim Salimov flutti ræðu fyrir hönd nemenda.



Benedikt Gylfason útskrifaðist úr hljóðtækni.

### Komst inn í Berklee College of Music

Benedikt Gylfason útskrifaðist úr hljóðtækni og hlaut viðurkenningu fyrir frábæran árangur í náminu. Benedikt hefur lært á hljóðfæri í mörg ár, sungið frá því hann man eftir sér og semur einnig tónlist. Hann vildi þó auka þekkingu sína á upptökum og eftirvinnslu á tónlist og þess vegna skráði hann sig í hljóðtækninám Tækniskólans.

*„Mér fannst virkilega gaman að læra að vinna í hljóðveri, læra hvernig búnaðurinn virkar og að fá tækifæri til að taka upp í vel útbúnum nemendahljóðverum. Í náminu tókst ég á við alls kyns fjölbreytt verkefni eins og að hljóðsetja stuttmynd og hljóðblanda tónleika en skemmtilegast fannst mér þó að taka upp plötu sem lokaverkefni. Ég frétti nú fyrir helgi að ég hefði komist inn fyrir næsta skólaár í Berklee College of Music í Boston. Skólinn er einn af bestu tónlistarháskólum Bandaríkjanna og fæ ég fullan styrk fyrir skólagjöldum, a.m.k. fyrsta árið.“*

Í framtíðinni langar Benedikt að vinna við að syngja, semja tónlist og taka upp fyrir sjálfan sig sem og aðra. Hann telur að hljóðtækninámið muni því vafalaust nýtast honum vel í þeirri vinnu sem hann hyggst taka sér fyrir hendur.

## Heppin að hafa svona góða kennara

Nisreen Asad fékk verðlaun fyrir ástundun og þrautseigju í námi. Nisreen kom til Íslands árið 2015 sem flóttamaður frá Sýrlandi ásamt eiginmanni sínum og tveimur sonum en síðan þá hefur sá þriðji bæst í hópinn. Nisreen byrjaði á íslenskubraut í Tækniskólanum í janúar 2016, lauk svo námi í hársnyrtiðn vorið 2022 og er nú að útskrifast með stúdentspróf af fagbraut.

*„Þegar ég var 14 ára fann ég að ég vildi læra hárgreiðslu í framtíðinni. Ég byrjaði í hárgreiðslunámi í mínu heimalandi og þegar ég kom til Íslands hugsaði ég strax að ég þyrfti að læra tungumálið og halda áfram í hárgreiðslu. Ég var heppin að hafa svona góða kennara í kringum mig sem hjálpuðu mér mikið og vil ég þakka þeim sérstaklega fyrir aðstoðina. Námið var rosalega skemmtilegt og fannst mér virkilega gaman að sjá drauminn sem ég átti frá því ég var stelpa rætast.“*

Samkvæmt kennurum Nisreen náði hún fljótt góðum tókum á íslensku og var einstakur nemandi, alltaf jákvæð og áhugasöm. Hún var á sama tíma boðin og búin að aðstoða aðra nemendur og túlka fyrir kennara þegar á þurfti að halda.



Nisreen Asad fékk verðlaun fyrir ástundun í námi.



Einar Darri hlaut m.a. verðlaun fyrir félagsstörf.

## Klúbbakvöldin og LAN-ið í uppáhaldi

Einar Darri Sveinbjörnsson, 19 ára nemandi á tölvubraut, hlaut verðlaun Háskólans í Reykjavík fyrir framúrskarandi árangur í raungreinum og verðlaun frá Tækniskólanum fyrir góðan árangur á tölvubraut. Einnig hlaut hann félagsmála-verðlaun Tækniskólans en Einar Darri hefur spilað stórt hlutverk í félagslífi skólans síðustu ár. Hann var ánægður með bæði námið á tölvubraut og félagslífið í skólanum.

*„Ég hef haft áhuga á tölvum mjög lengi og tók forritunaráfangu í Foldaskóla sem mér fannst mjög skemmtilegur. Ég fór svo á forritunarnámskeið sem Tækniskólinn hélt fyrir grunnskólanema og leist mjög vel á skólann. Námið hentaði mjög vel, var skemmtilegt og áhugavert og mun nýtast mér vel í framtíðinni þar sem ég stefni á forritunarnám í HR. Ég hef verið virkur í félagslífi skólans síðustu tvö ár og þar hef ég kynnst fullt af skemmtilegu fólki. Það sem mér fannst skemmtilegast í félagslífinu voru klúbbakvöldin, LAN-ið og að vera í nemendasambandinu.“*

## Búfræðingur í rennismiði

Matthildur Hjálmarsdóttir, búfræðingur og fyrrum sauðfjárbóndi, hlaut verðlaun fyrir góðan árangur í rennismiði en hún var með 9,93 í meðaleinkunn. Matthildur útskrifaðist sem búfræðingur frá Bændaskólanum á Hólum vorið 1989, vann sem sauðfjárbóndi til fjölda ára en leiðin lá svo í Tækniskólann haustið 2020.

*„Ég ætlaði mér alla tíð að vera sauðfjárbóndi og hafa tamningar og útreiðar með því. Það varð og ég bjó á Þóroddsstöðum í Hrítafirði frá haustinu 1989 til vorsins 2017. Þá skildi ég við manninn minn og þar með starfið mitt. Ég flutti þá til Hvammstanga og fór að hugsa líf mitt upp á nýtt. Ég hef alltaf haft gaman af því að smíða en þó mest úr timbri. Aðeins gert við og smíðað úr járnri en aldrei snert á rennibekk fyrr en ég kom í Tækniskólann. Ég vildi finna mér eitthvað að gera sem ég hefði gaman af og gæfi mér möguleika á að vera sjálfstæður atvinnurekandi áfram. Hugurinn leitaði í stálsmiði en kunningi minn benti mér á að rennismiði gæti verið áhugaverð fyrir mig svo ég ákvað að slá til og sótti um.“*

Matthildi líkaði vel í náminu, sagði það fjölbreytt og skemmtilegt, en þó krefjandi.



Feðginin Katla Sigurást Pálsdóttir og Páll Bragason.

### Feðgin útskrifast úr rafvirkjun

Feðginin Katla Sigurást Pálsdóttir og Páll Bragason útskrifuðust bæði með burtfararpróf úr rafvirkjun.

Fyrir er Páll rafeindavirki en hann útskrifaðist úr Iðnskólanum á Skólavörðuholti vorið 1992. Síðan þá hefur hann unnið sem rafeindavirki á hljóðverkstæði RÚV, hjá Flögu sem síðar varð Medcare og loks á Reykjavíkflugvelli á radióverkstæði Flugfélags Íslands sem síðar varð Icelandair.

*„Eftir að ég fór að vinna á Reykjavíkflugvelli fór mig að langa að vita meira um rafmótora og þriggja fasa rafmagn og skráði mig því í dreifnám í rafvirkjun á haustönn 2018, síðan dró forvitnin mig áfram og það endaði með því að ég kláraði loks námið níu önnum síðar. Það hefur verið gaman að kynnst aftur gamla skólanum þegar maður er kominn með meiri innsýn eftir tæplega þrjátíu ár í rafmagninu. Ég hef kynnst fullt af góðu fólki og fyrir það er ég þakklátur.“*

Katla Sigurást útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 2019 og ákvað að því búnu að feta í fótspor föður síns og skrá sig í Raf-tækniskólan.

*„Þegar ég var yngri kom pabbi stundum heim með tilbúnar prentplötur til lóðunar, t.d. jólaskraut og sýndi mér hvernig þetta væri gert. Fyrir stúdentsveisluna mína var ákveðið að taka íbúðina í gegn og ég hafði mjög gaman af því að fylgjast með framkvæmdunum og fá að taka þátt í þeim. Þar sem pabbi er rafeindavirki og var sjálfur í rafvirkjanum ákvað ég bara að skella mér í þetta, það þurfti einhver að feta í fótspor hans þar sem systur mínar eltu báðar mömmu í heilbrigðisgeirann.“*

Á nýju ári mun Katla Sigurást hefja störf hjá Raffi ehf. og stefnir svo á sveinsprófið þegar hún telur sig tilbúna.

### Iðnmeistarar mikilvægur hlekkur

Líkt venja er fyrir flutti skólameistari Tækniskólans, Hildur Ingvarsdóttir, hátíðarræðu í tilfni útskriftarinnar. Hún byrjaði á því að óska nemendum, aðstandendum og starfsfólki hjartanlega til hamingju með daginn og sagðist stolt að tilheyra því samfélagi sem Tækniskólinn er.

*„Ég fyllist ávallt miklu stolti þegar ég horfi yfir salinn á útskriftardegi. Ég er svo stolt að tilheyra því samfélagi sem þessi skóli er – samfélagi fjölbreytileikans. Skóla sem gegnir svo mikilvægu hlutverki á Íslandi.“*

Fjölbreytileiki einkennir vissulega skólastarfið og í ræðu sinni fjallaði Hildur einmitt um þann fjölbreytta nemendahóp sem stundar nám í Tækniskólanum. Meðal annarra málefna í ávarpi skólameistara voru tilnefningar Tækniskólans til Íslensku menntaverðlaunanna, ný gildi Tækniskólans, þeir fjölbreyttu hæfileikar sem nemendur búa yfir og það mikilvæga hlutverk sem iðnmeistarar gegna í menntun nema.

*„Síðustu nemendurnir sem við útskrifuðum rétt í þessu eru okkar nýju iðnmeistarar sem eru mikilvægur hlekkur í menntun iðnnema, svokölluðu vinnustaðanámi. Aðsókn í iðnmeistaránámið hefur verið mikil undanfarin ár og er það fagnaðarefni. Einhverjir þessara meistara eru svo líklegir til að rata inn til okkar í kennslu meðan aðrir leiðbeina á vinnustað – og þannig rúllar hjólið áfram.“*

Að lokum þakkaði hún kennurum og öðru starfsfólki skólans fyrir frábær störf. Nemendum óskaði hún alls hins besta, hvatti þá til að leggja alúð í verk sín, sýna umburðarlyndi og bera virðingu fyrir samferðafólki sínu.



Hildur Ingvarsdóttir, skólameistari Tækniskólans.

# FÉLAGSLÍFIÐ

## FÉLAGSLÍFIÐ

Félagslífið í Tækniskólanum er mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Tækniskólinn leggur áherslu á að bjóða upp á félagslíf sem höfðar til breiðs hóps nemenda og viðburði sem tengjast fjölbreyttum áhugamálum þeirra. Nemendasamband Tækniskólans er í daglegu tali kallað NST. NST eru regnhlífarsamtök en miðstjórn NST hefur yfirumsjón með öllu félagsstarfi í skólanum, t.d. viðburðum eins og árshátíðarviku og söngkeppninni Átótjúníð. NST hugar líka að hagsmunamálum nemenda. NST heldur úti eigin heimasíðu og má finna á samskiptamiðlunum Instagram, Discord og facebook.

## Skólafélög, nefndir og klúbbar

**Skólafélög** eru starfrækt í þremur aðalbyggingum Tækniskólans, á Háteigsvegi, í Hafnarfirði og á Skólavörðuholti. Tilgangur þeirra er að halda úti félagslífi og standa fyrir viðburðum í þessum þremur aðalbyggingum skólans.

**Félög og nefndir** vinna að ákveðnum málaflokkum, hagsmunum ákveðinna hópa eða afmörkuðum viðburðum. Starfandi félög og nefndir á árinu voru m.a. Hinsegin félagið Heiður, skemmtinefnd, LAN nefnd, peysunefnd og Leikfélagið Mars.

**Klúbbar** hittast á klúbbakvöldum ENIAC. Þau eru haldin öll miðvikudagskvöld á Háteigsvegi og eru öll velkomin að taka þátt. Starfandi klúbbar á árinu voru til dæmis spilaklúbbar, Minecraft klúbbar og Anime klúbbar.

## Stjórn

Miðstjórn NST skólaárið 2021–2022 skipuðu þau Anton Orri Gränz formaður, Björgvin M. Ársælsson varaformaður og hagsmunafulltrúi nemenda, Katla Rún Eðvarðsdóttir ritari, Theodór Karl Hrafns-son fulltrúi nemenda á Skólavörðuholti, Ívar Máni Hrannarsson fulltrúi nemenda á Háteigsvegi, Róbert Steinn Gylfason fulltrúi nemenda í Hafnarfirði og Dagur Hafsteinsson fulltrúi nýnema.



Guðrún Gígja, sigurvegari í Átótjúninu 2022.



Nýnemaferð NST á Stokkseyri í byrjun september.



Eintóm ball sem haldið var 24. mars í Gamla bíói.

# MARKVERÐIR VIÐBURÐIR

Ýmislegt markvert átti sér stað í Tækniskólanum 2022 en árið einkenndist af fjölbreyttum viðburðum sem bæði nemendur og starfsfólk tóku þátt í.

## JANÚAR

### GETTU BETUR

#### GETTU BETUR

Lið Tækniskólans tryggði sér sæti í 16 liða úrslitum Gettu betur eftir sigur á Fjölbautaskóla Norðurlands vestra. Lið skólans þetta árið var skipað þeim Emil Una Elvarssyni, Þorsteini Magnússyni og Hrefnu Hjörvarsdóttur.

## FEBRÚAR

#### SKÍÐADAGUR NST

Þann 16. febrúar fór Nemendasamband Tækniskólans í skíðaferð í Bláfjöll. Aðsóknin var góð og skemmtu nemendur skólans sér konunglega á fjallinu.



#### MORFÍS

Tækniskólinn mætti Fjölbautaskóla Suðurnesja í fyrstu umferð Morfís 2022 þar sem umræðuefnið var lífið er leikrit.

Lið Tækniskólans skipuðu Helena Dís Friðriksdóttir, Agni Freyr Arnarson Kuzminov, Guðrún Gigja Vilhjálmisdóttir og Ísak Máni Guðmundsson.

#### TUNGUMÁLATORG

Tungumálatorg Tækniskólans hófst þann 17. febrúar og lauk 21. febrúar á Alþjóðadegi móðurmálsins.

Eitt megin markmið verkefnisins var að varpa ljósi á styrkleika þess að hafa vald á fleiri en einu eða tveimur tungumálum og stuðla að samskiptum og vináttu milli nemenda Tækniskólans.



## /////// MARS



### ÁTÓTJÚNIÐ

Átótjúníð - Söngkeppni Tækniskólans fór fram í Hátíðarsal Tækniskólans við Háteigsveg miðvikudaginn 2. mars. Keppnin var einstaklega glæsileg og alls tóku 14 nemendur þátt.

Sigurvegari Átótjünsins 2022 var Guðrún Gígja Vilhjálmsdóttir sem söng lagið Black Velvet eftir Alannah Myles.

### NÝSVEINAHÁTÍÐ

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík stóð fyrir glæsilegri nýsveinahátíð þann 5. mars á Reykjavík Natura. Tvær hátíðir voru teknar saman að þessu sinni þar sem viðburðurinn var blásinn af árið 2021 vegna covid.

Nemendur úr Tækniskólanum stóðu sig með einstakri þryði og hlutu fjölda verðlauna á hátíðinni.



### ÁRS HÁTÍÐARVIKA OG EINTÓMT BALL

Árs hátíðarvika Tækniskólans fór fram 21.-25. mars 2023. Þá var ýmislegt um að vera en NST stóð m.a. fyrir útvarpsútsendingum og gafst nemendum skólans kostur á því að taka upp útvarpsþætti.

Í lok vikunnar héldu NST, NFFB, NFFÁ og NFBH sameiginlegt ball í Gamla bíói undir yfirskriftinni Eintómt ball. Fjölbreytt tónlistaratriði voru á viðburðinum og skemmtu nemendur sér vel.

### FORRITUNARKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA

Forritunarkeppni framhaldsskólanna fór fram í Háskólanum í Reykjavík laugardaginn 11. mars.

Eftir spennandi keppni lentu lið Tækniskólans í 3. sæti í Alfa deild, 1. sæti í Beta deild og 1. og 2. sæti í Delta deild.



### VERK OG VIT

Stórsýningin Verk og vít var haldin í Laugardalshöll 24.-27. mars.

Á sýningunni stóð glæsilegur hópur nemenda í húsasmíði vaktina fyrir hönd Tækniskólans og í samstarfi við BYKO og Hilti reistu þeir smáhýsi. Hrafnkell Marinósson, kennari í húsasmíði, hélt utan um hópinn.

Nemendurnir stóðu sig með þryði og fékk hópurinn m.a. verðlaun fyrir athyglisverðasta sýningarrýmið.



## SKRÚFUDAGURINN

Skrúfudagurinn er árlegur kynningardagur nemenda í Vélтækniskólanum og Skipstjórnarskólanum og var hann haldinn hátíðlegur laugardaginn 26. mars.

Gestum gafst kostur á að skoða aðstöðuna, heilsa upp á nemendur og starfsfólk og prófa hina ýmsu hluti, t.d. að sigla í fullkornasta siglingahermi landsins. Dagskráin var virkilega fjölbreytt og aðsóknin góð.




## OPÍÐ HÚS

Opíð hús var haldið í Tækniskólanum fimmtudaginn 31. mars. Nemendur og starfsfólk skólans tóku vel á móti gestum og gangandi sem gátu m.a. kynnt sér námsframboð, félagslíf og aðstöðu í Tækniskólanum.

Boðið var upp á skoðunarferðir um skólann, reglulegar kynningar á sal og víðs vegar mátti sjá nemendur að störfum. Dagurinn var vel heppnaður og aðsóknin góð.

## SIGUR Í FRÍS

Rafíþróttalið Tækniskólans sigraði í Framhaldsskólaleikum Rafíþróttasamtaka Íslands annað árið í röð þegar það hafði betur gegn liði FVA. Á leikunum er keppt í CS:OG, Rocket League og Valorant.



## APRÍL



## VÖRUMESSA UNGRA FRUMKVÖÐLA

Vörumessa Ungra frumkvöðla fór fram í Smáralind fyrstu helgina í apríl. Nemendur í frumkvöðlafræði á Hönnunar- og nýsköpunarbraut og K2 voru meðal þeirra 124 fyrirtæki sem kynntu vörur á viðburðinum.

## GREINDU BETUR

Þau Ólöf María, Atli og Benedikt, nemendur af K2, sigruðu í eldri flokki Hagstofukeppninnar Greindu betur, sem er liðakeppni ungs fólks í tölu- og upplýsingalæsi.

Alls tóku 670 ungmenni þátt í 223 liðum í tveimur flokkum og árangur þreykisins því frábær.





### ÁSMUNDUR EINAR VÍGÐI VINNUVÉLAHERMI

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, heimsótti Tækniskólann mánudaginn 4. apríl ásamt fylgdarliði úr ráðuneytinu.

Tekið var á móti gestunum á Skólavörðuholti og þeim fylgt í skoðunarferð um húsið. Að því búnu var haldið í framtíðarstofu skólans þar sem Hildur Ingvarsdóttir skólameistari flutti kynningu um skólastarfið og Jón B. Stefánsson fjallaði um nýbyggingarmál skólans. Þar gafst gestum einnig tækifæri á að kynna sér starfsemi framtíðarstofunnar.

Ásmundur Einar endaði heimsóknina á því að vígja fyrsta vinnuvéla- og ökuhermi skólans í tilefni þess að nám í jarðvirkjun var að hefjast af fullum krafti hjá Tækniskólanum.

### VERÐI ÞINN VILJI

Leikfélagið Desdemóna setti upp verkið Verði þinn vilji sem er byggt á kvikmyndaklassikinni The Princess Bride. Gaman var að sjá nemendur úr ólíkum námsbrautum skólans kynnst og sameinast í kringum áhugann á leiklist.

Eftir mikla vinnu við undirbúning var verkið sýnt dagana 5. og 6. apríl í hátíðarsal Sjómannaskólans við Háteigsveg við góðar undirtektir gesta.



### KUBBURINN

Dagana 29. apríl til 1. maí var Kubburinn haldinn í íþróttahúsinu Digranesi. Þetta er stærsta framhaldsskóla LAN landsins og voru það Tækniskólinn, FB og MÁ sem héldu viðburðinn í samstarfi við Tuddann og RÍSí. Þar var m.a. keppt í CS:GO, League of Legends, Rocket League, Overwatch, StarCraft, Valorant og Minecraft.

### ÚTSKRIFTARSÝNING LJÓSMYNDANEMA

Glæsileg útskriftarsýning ljósmyndanema Tækniskólans stóð yfir í Mengi á Óðinsgötu dagana 30. apríl til 5. maí.



## MAÍ



### STRANDHREINSUN VIÐ HAFNIR

Þann 2. maí fór hópur nemenda úr Skipstjórnarskólanum og Véltækniskólanum í strandhreinsun við Hafnir á Reykjanesi og safnaði um tveimur tonnum af rusli. Frábært framtak hjá flottum hópi nemenda.

## SUMARBALL Á SPOT

Sumarball Tækniskólans og FB var haldið fimmtudaginn 5. maí. Þar var sumarfilíngur og mikil stemning. Fram komu Steindi, Auddi, Séra Bjóssi, Sprite Zero Klan, Daniil, Háski og DJ Ragga Hólm.



## SÖLUSÝNING STARFSBRAUTARNEMA

Þann 6. maí héldu starfsbrautarnema sölusýningu á Háteigsvegi. Þar gátu gestir og gangandi skoðað og keypt fallegt handverk og húsgögn eftir nemendur.

## ÚTSKRIFTARSÝNING Í GRAFÍSKRI MIÐLUN OG BÓKBANDI

Útskriftarnemar í grafískri miðlun og bókbandi í Upplýsinga-tækniskólanum héldu útskriftarsýningu þann 11. maí í Tækni-skólanum á Háteigsvegi. Samhliða sýningunni settu nemendur upp vefsíðu þar sem skoða mátti verkefni þeirra, þar á meðal timaritið Ask.

## ÚTSKRIFTARSÝNING - GRAFÍSK MIÐLUN OG BÓKBAND VOR 2022

11. MAÍ



## VORSÝNING HÖNNUNAR- OG NÝSKÖPUNARBRAUTAR

Vorsýning nemenda á hönnunar- og nýsköpunarbraut fór fram á Skólavörðuholti dagana 11.-14. maí. Fjölbreytt verkefni nemenda voru til sýnis og margir áhugasamir litu við.

## SIGUR Í KEPPNINNI UNGT UMHVERFISFRÉTTAFÓLK

Hópur nemenda á K2 sigraði í keppninni Ungt umhverfisfréttafólk. Þeir nemendur sem skipuðu sigurhópinn Grænir puttur voru þeir Ívar Patrick Lefort, Daniel Ingi, Hjalti Freyr, Sigurður Kári og Guðmundur Berg.

Nemendurnir hönnuðu spil í anda Monopoly, sem þeir kölluðu Grænópólí, en samkvæmt dómnefndinni tókst þeim að taka borðspil sem er táknmynd gróðahyggu og gera úr því áhrifamikla ádeilu og miðla til ungs fólks ákalli um aðgerðir í loftlagsmálum.

Grænópólí hlaut einnig verðlaunin Val unga fólksins.





### HÚSGAGNASÝNING

Húsgagnasýning nemenda í húsgagnasmíði og húsasmíði við Tækniskólann var haldin dagana 13. og 16. maí. Þar voru til sýnis lokaverkefni útskriftarnema ásamt fleiri verkum.

Sýningin er haldin árlega í trésmíðadeild Tækniskólans á Skólavörðuholti og er þetta frábært tækifæri fyrir áhugasama til að kynna sér námið og handverk nemenda.

### ÚTSKRIFTARSÝNING STAFRÆNNAR HÖNNUNAR

Útskriftarnemendur úr stafrænni hönnun buðu á sýningu fimmtudaginn 19. maí í Auðarsal, Veröld - húsi Vigdísar.

Sýningin samanstóð af fjölbreyttum verkefnum, svo sem tölvuleikjum, Visual effects, tónlistarmyndbandi, módeling reels, Unreal showcases ofl. Var þetta virkilega áhugaverð sýning þar sem sjá mátti uppskeru annarinnar.



## JÚNÍ



### EVROPSKA TÖLFRÆÐIKEPPNIN

Ólöf María Steinarsdóttir, nemandi á K2, hreppti 2. sætið í eldri hópi Evrópsku tölfræðikeppninnar fyrir árið 2022. Var þetta í fyrsta sinn sem Ísland tekur þátt í keppninni en samanlagt tóku yfir 17 þúsund ungmenni þátt frá 19 Evrópulöndum. Þetta var því ótrúlegur árangur hjá Ólöfu.

Fyrr á árinu bar Ólöf María sigur úr bytum í Greindu betur á Íslandi ásamt liði sínu af K2 stúdentsbrautinni og útbjó í kjölfarið myndband um áhrif gróðurhúsalofttegunda á Íslandi sem hún sendi sem sitt framlag í Evrópsku tölfræðikeppnina.

## SEPTEMBER

### NÝNEMAFERÐ

Nýnemaferð Tækniskólans fór fram á Stokkseyri 1. september. Þar var m.a. farið í kajakferð, bubblubolta, spilsmíðju og leiksmíðju. Einnig var boðið upp á pizzu í Draugasetrinu og nemendur gátu skoðað safnið.

Fulltrúar NST voru á staðnum til þess að kynna félagslíf skólans og að taka við skráningum nýnema í nefndir og ráð.





#### NÝNEMABALL

Fyrsta ball vetrarins, Nýnemaballið, var haldið á Spot í Kópavogi í samvinnu við nemendafélög Borgarholtsskóla og Fjölbrautaskólans við Ármúla fimmtudaginn 8. september. Fram komu VÆB, DJ Ragga Hólm, Inspector Spacetime, Stuðlabandið, Sigga Beinteins og Birnir.

#### KUBBURINN 2

Dagana 30. september til 2. október var Kubburinn 2 haldinn í íþróttahúsinu Digranesi. Að þessu sinni var viðburðurinn haldinn í samstarfi við FB, Tuddann og RÍSí. Keppt var í CS:GO, League of Legends, Rocket League, Overwatch, StarCraft, Valorant, Minecraft, Tekken, Super Smash Bros og fleiri leikjum.



#### OKTÓBER



#### FORVARNARDAGURINN

Miðvikudaginn 5. október var Forvarnardagurinn haldinn í grunn- og framhaldsskólum landsins. Áhersla Tækniskólans þetta árið var á fjölbreyttar forvarnir, s.s. forvarnir er lúta að gæðheilsu, öryggi á vinnustað, fræðslu um hinsegin mál og samtali við nemendur um forvarnir.

Í tilefni dagsins kom forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, í heimsókn í skólann, kynnti sér starfið og ræddi við nemendur um forvarnir.

#### ÚTSKRIFTARSÝNING HÁRSNYRTINEMA

Útskriftarsýning hársnyrtinema á haustönn var haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur miðvikudaginn 26. október. Þemað að þessu sinni var draumar. Sýningin hlaut mikla athygli og rataði ljósmynd af einu hármódelinu m.a. á forsiðu Fréttablaðsins.



#### NÓVEMBER



#### STRANDHREINSUN VIÐ ENGEY

Nemendur í Skipstjórnskólanum og Véltækniskólanum tóku þátt í strandhreinsun við Engey í áfanganum Mengun sjávar. Sigríður Guðmunda, kennari þeirra, var ánægð með hópinn sem sýndi dugnað og atorku þegar þau drógu um eitt tonn af rusli og sigldu með að Reykjavíkurhöfn í förgun.

## ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

Fulltrúar Tækniskólans tóku á móti verðlaunum í flokknum fram- úrskarandi framlag til iðn- og verkmenntunar fyrir verkefnið #kvennastarf þegar Íslensku menntaverðlaunin voru afhent á Bessastöðum. Verkefnið er samstarfsverkefni Tækniskólans og allra iðn- og verkmenntaskóla landsins.

Tvö önnur verkefni frá Tækniskólanum voru einnig tilnefnd til verðlauna. Málaraþraut Byggingatækniskólans hlaut tilnefningu í flokknum framúrskarandi iðn- eða verkmenntun og Tæknimenntaskólinn var tilnefndur í flokknum framúrskarandi skólastarf eða menntaumbætur.



## 2000s BALL GAMLA BIÓ

### 2000'S BALL

2000's ball NST, NFFÁ og NFBHS var haldið miðvikudagskvöldið 16. nóvember í Gamla bíói. Það voru þau DJ Dóra Júlía, Daniil, Gugusar, Clubdub, Selma Björns og Páll Óskar sem sáu um að halda uppi stemningunni.

## UNGLIST

Tískusýning fataiðnbrautar Tækniskólans og fata- og textila- brautar Fjölbrautaskólans í Breiðholti var hluti af UNGLIST 2022. Sýningin gekk vonum framár þar sem gestir fengu að sjá hönnun og handverk nemenda.



## DESEMBER



### SÖLUSÝNING STARFSBRAUTARNEMA

Þann 3. desember opnaði sölusýning starfsbrautarnema í Hafnarfirði. Þar var fjölbreytt framboð af handverki og húsgögnum til sölu.

## ÚTSKRIFTARSÝNING UPPLÝSINGATÆKNISKÓLANS

Útskriftarnemar Upplýsingatækniskólans í grafískri miðlun, ljósmyndun og bókbandi héldu glæsilega útskriftarsýningu föstudaginn 9. desember. Sýningin var haldin á 3. hæð á Háteigsvegi og var virkilega áhugaverð og flott.



## HÚSGAGNA- OG MUNASÝNING

Húsgagna- og munasýning nemenda í tréiðndeild skólans var haldin 13. og 14. desember. Sýningin var haldin í tréiðndeildinni á Skólavörðuholti og þar voru til sýnis lokaverkefni útskriftarnema ásamt fleiri verkum.



# STARFSFÓLK

## STARFSFÓLK

Í loks ársins 2022 störfuðu hjá Tækniskólanum 267 í 254 stöðugildum, 142 karlar og 125 konur. Þar af voru 17 stjórnendur, 6 í teymi námsráðgjafa og sálfræðings, 187 kennarar, 9 þroskaþjálfar og aðstoðarfólk þeirra, auk 48 annarra starfsmanna.

Valdemar G. Valdemarsson skólastjóri Raftækniskólans kom til baka eftir námsleyfi haustið 2022. Gengið var frá ráðningu í nýja stöðu öryggisstjóra og hóf Þróstur Þór Ólafsson störf um mitt árið 2022.

## Starfsmannafélag og viðburðir

Starfsmannafélag er starfrækt í skólanum. Eftir langan tíma mikilla takmarkana var mögulegt að halda árshátíð um vorið við mikinn fögnuð. Árhátíðin fór fram á Reykjavík Hotel Natura í byrjun apríl og boðið var upp á þriggja rétta veislu og dansleik í kjölfarið. Veglegt jólahlaðborð var haldið í nóvember sama ár á Hilton Reykjavík Nordica. Á árinu var einnig staðið fyrir smærri viðburðum á borð við Pub Quiz, páskabingó og fjölskyldudag í framtíðarstofu Tækniskólans. Þá var eitthvað um nærhittinga innan deilda skólans sem stjórnendur deildanna skipuleggja ásamt starfsfólki.

## Starfsmannafundur á Nordica

Þann 18. ágúst var haldinn starfsmannafundur Tækniskólans þar sem allt starfsfólk skólans kom saman undir einu þaki á Hilton, Hótel Nordica. Kynnt voru ný gildi skólans í framhaldi af inngangi og hefðbundinni upplýsingagjöf í upphafi skólaárs. Að loknum hádegisverði stjórnaði Sigriður Arnardóttir líflegri dagskrá undir yfirskriftinni Jákvæð samskipti og að lokum steig Helgi Björnsson á stökk og flutti lag skólans Vertu þú sjálfur. Dagurinn var sérlega vel heppnaður og lærdómsríkur.



# TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

---





## NEMENDAFJÖLDI Í DAGSKÓLA

Skóli	Braut nemenda	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H	2021 V	2021 H	2022 V	2022 H
<b>Byggingatekniskólinn</b>	Almenn námsbraut	3	18	7	11	9	15	14	28
	Grunnnám tréiðna	13	59	30	84	40	82	31	84
	Húsasmíði	113	110	125	128	149	145	174	162
	Húsgagnabólstrun			1	2	5	7	6	3
	Húsgagnasmíði	31	41	41	42	42	20	21	20
	Málaraiðn	26	21	32	42	47	52	48	52
	Múriðn	44	42	43	57	58	46	60	47
	Pípulagnir	81	87	88	142	141	167	158	156
	Tréskipasmíði					1			
	Tækniteiknun	32	39	37	40	34	32	30	36
Veggfóðrun og dúkalagnir	6	8	14	13	11	6	6	3	
<b>Samtals</b>		<b>349</b>	<b>425</b>	<b>418</b>	<b>561</b>	<b>537</b>	<b>572</b>	<b>548</b>	<b>591</b>
<b>Hönnunar- og handverkskólinn</b>	Almenn námsbraut	7	17	6	21	14	14	16	7
	Fataiðn	19	7	24	16	31	18	29	15
	Fatataekni	23	51	26	49	34	50	31	58
	Gull- og silfursmíði	17	24	23	18	23	19	25	16
	Hársnyrtibraut	81	94	92	122	107	118	97	126
	Hönnunar- og nýsköpunarbraut	84	93	97	111	117	101	84	108
	Skósmíði					1			1
<b>Samtals</b>		<b>231</b>	<b>286</b>	<b>268</b>	<b>337</b>	<b>327</b>	<b>320</b>	<b>282</b>	<b>331</b>
<b>Raftækniskólinn</b>	Almenn námsbraut	10	15	11	24	8	12	7	18
	Grunnnám rafíðna	186	190	207	253	258	266	255	251
	Rafeindavirkjun	5	7	1	18	21	33	26	28
	Rafvirkjun	66	105	82	84	76	76	92	106
	<b>Samtals</b>		<b>267</b>	<b>317</b>	<b>301</b>	<b>379</b>	<b>363</b>	<b>387</b>	<b>380</b>
<b>Skipstjórnarskólinn</b>	Skipstjórn	95	83	102	110	34	50	46	37
<b>Samtals</b>		<b>95</b>	<b>83</b>	<b>102</b>	<b>110</b>	<b>34</b>	<b>50</b>	<b>46</b>	<b>37</b>
<b>Tækniakademían</b>	Hljóðtækni	23	18	34	26	35	36	35	29
	Kvikmyndatækni	12	26	14	29	14	28	11	
	Stafræn hönnun	38	45	42	55	51	46	69	49
	Vefskólinn	23	9	8	20	17	32	33	19
<b>Samtals</b>		<b>96</b>	<b>98</b>	<b>98</b>	<b>130</b>	<b>117</b>	<b>142</b>	<b>148</b>	<b>97</b>
<b>Tæknimenntaskólinn</b>	Almenn námsbraut	2	23	3	17	5	16	2	
	Íslenskubraut fyrir útendinga	70	83	101	126	116	127	116	114
	Janus endurhæfing	2	1						
	K2	67	65	57	62	61	72	67	73
	Náttúrufræðibraut	7	10	14	34	40	62	74	48
	Náttúrufræðibraut - flugtækni	25	25	22	17	7	4	2	
	Náttúrufræðibraut - raftækni	13	9	11	5	2	1	1	1
	Náttúrufræðibraut - tölvutækni	16	20	22	12	8	3	1	
	Starfsnám	55	58	51	62	62	71	67	79
	Stúdentspróf af fagbraut	8	5	6	13	16	12	7	6
<b>Samtals</b>		<b>265</b>	<b>299</b>	<b>287</b>	<b>348</b>	<b>317</b>	<b>368</b>	<b>337</b>	<b>321</b>
<b>Upplýsingatekniskólinn</b>	Almenn námsbraut	18	14	5	12	3			6
	Bókband	1	1		2	1	1	2	1
	Grafísk miðlun	22	27	27	27	26	26	27	23
	Ljósmyndun	9	15	13	25	23	15	26	19
	Prentun	3							
	Tölvubraut	194	202	184	183	177	194	151	188
	Tölvubraut hönnun							37	47
	Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	98	119	102	98	107	92	74	65
<b>Samtals</b>		<b>345</b>	<b>378</b>	<b>331</b>	<b>347</b>	<b>337</b>	<b>328</b>	<b>317</b>	<b>349</b>
<b>Véltekniskólinn</b>	Almenn námsbraut								
	Grunnnám málmíðna	25	24	22	22	12	19	9	15
	Jarðvirkjun						2	2	10
	Rennismíði	3	6	8	12	10	12		
	Stálsmiðabraut	16	13	10	14	13	17	23	23
	Vélstjórn	127	126	133	147	130	135	135	131
	Vélvirkjun	24	22	21	29	28	31	24	38
Rennismiður							10	8	
<b>Samtals</b>		<b>195</b>	<b>191</b>	<b>194</b>	<b>224</b>	<b>193</b>	<b>216</b>	<b>203</b>	<b>225</b>
<b>Heild samtals</b>		<b>1843</b>	<b>2077</b>	<b>1999</b>	<b>2436</b>	<b>2225</b>	<b>2383</b>	<b>2261</b>	<b>2354</b>

## ALDURSDREIFING Í DAGSKÓLA

Fjöldi nemenda að 18 ára og 19 ára og eldri:

Skóli	Aldur	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H	2021 V	2021 H	2022 V	2022 H
Byggingatækniskólinn	18 og undir	63	97	73	136	106	164	128	213	164	263
	19 og yfir	233	261	276	289	313	397	409	359	384	328
Hönnunar- og handverksskólinn	18 og undir	42	62	47	97	60	116	89	129	90	143
	19 og yfir	157	157	184	189	208	221	238	191	192	188
Raftækniskólinn	18 og undir	47	89	61	94	87	158	107	168	131	195
	19 og yfir	170	195	206	223	214	221	256	219	249	208
Skipstjórnarskólinn	18 og undir	6	8	3	6	6	8	4	10	6	8
	19 og yfir	88	52	92	77	96	102	30	40	40	29
Tækniakademían	18 og undir				4	1	3	1	4	1	
	19 og yfir	122	112	96	94	97	127	116	138	147	68
Tæknimenntaskólinn	18 og undir	160	215	148	224	148	235	166	280	207	253
	19 og yfir	92	59	117	75	139	113	151	88	130	68
Upplýsingatækniskólinn	18 og undir	155	217	124	174	114	159	111	166	119	192
	19 og yfir	202	171	221	204	217	188	226	162	198	157
Véltækniskólinn	18 og undir	39	66	45	58	39	54	35	65	36	70
	19 og yfir	171	146	150	133	155	170	158	151	167	155
<b>Tækniskólinn</b>	<b>18 og undir</b>	<b>512</b>	<b>754</b>	<b>501</b>	<b>793</b>	<b>561</b>	<b>897</b>	<b>641</b>	<b>1035</b>	<b>754</b>	<b>1124</b>
	<b>19 og yfir</b>	<b>1235</b>	<b>1153</b>	<b>1342</b>	<b>1284</b>	<b>1439</b>	<b>1539</b>	<b>1584</b>	<b>1348</b>	<b>1507</b>	<b>1201</b>

Hlutfall nemenda 18 ára og yngri, 19 ára og eldri:

Skóli	Aldur	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H	2021 V	2021 H	2022 V	2022 H
Byggingatækniskólinn	18 og undir	21%	27%	21%	32%	25%	29%	24%	37%	30%	45%
	19 og yfir	79%	73%	79%	68%	75%	71%	76%	63%	70%	55%
Hönnunar- og handverksskólinn	18 og undir	21%	28%	20%	34%	22%	34%	27%	40%	32%	43%
	19 og yfir	79%	72%	80%	66%	78%	66%	73%	60%	68%	57%
Raftækniskólinn	18 og undir	22%	31%	23%	30%	29%	42%	29%	43%	34%	48%
	19 og yfir	78%	69%	77%	70%	71%	58%	71%	57%	66%	52%
Skipstjórnarskólinn	18 og undir	6%	13%	3%	7%	6%	7%	12%	20%	13%	22%
	19 og yfir	94%	87%	97%	93%	94%	93%	88%	80%	87%	78%
Tækniakademían	18 og undir	0%	0%	0%	4%	1%	2%	1%	3%	1%	0%
	19 og yfir	100%	100%	100%	96%	99%	98%	99%	97%	99%	100%
Tæknimenntaskólinn	18 og undir	63%	78%	56%	75%	52%	68%	52%	76%	61%	79%
	19 og yfir	37%	22%	44%	25%	48%	32%	48%	24%	39%	21%
Upplýsingatækniskólinn	18 og undir	43%	56%	36%	46%	34%	46%	33%	51%	38%	55%
	19 og yfir	57%	44%	64%	54%	66%	54%	67%	49%	62%	45%
Véltækniskólinn	18 og undir	19%	31%	23%	30%	20%	24%	18%	30%	18%	31%
	19 og yfir	81%	69%	77%	70%	80%	76%	82%	70%	82%	69%
<b>Tækniskólinn</b>	<b>18 og undir</b>	<b>29%</b>	<b>40%</b>	<b>27%</b>	<b>38%</b>	<b>28%</b>	<b>37%</b>	<b>29%</b>	<b>43%</b>	<b>33%</b>	<b>48%</b>
	<b>19 og yfir</b>	<b>71%</b>	<b>60%</b>	<b>73%</b>	<b>62%</b>	<b>72%</b>	<b>63%</b>	<b>71%</b>	<b>57%</b>	<b>67%</b>	<b>52%</b>

Meðalaldur nemenda í dagskóla:

Skóli	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H	2021 V	2021 H	2022 V	2022 H
Byggingatækniskólinn	25.2	23.8	24.7	23.1	24.0	23.3	24.1	22.7	23.4	21.6
Hönnunar- og handverksskólinn	24.4	22.3	23.0	21.3	22.8	21.3	22.5	21.1	22.1	20.8
Raftækniskólinn	23.2	22.4	23.7	22.3	23.2	21.6	22.6	21.2	21.9	20.7
Skipstjórnarskólinn	28.9	27.1	33.1	30.2	33.7	33.8	31.8	26.0	28.0	24.9
Tækniakademían	25.9	25.8	25.9	23.6	24.0	24.9	25.8	25.8	26.5	27.1
Tæknimenntaskólinn	19.1	17.9	19.0	17.8	19.1	18.2	19.0	17.8	18.6	17.6
Upplýsingatækniskólinn	20.7	19.8	20.6	20.4	21.6	20.8	22.3	20.6	21.5	19.9
Véltækniskólinn	23.7	21.5	21.9	21.5	23.2	22.2	22.8	21.5	22.8	21.8
<b>Tækniskólinn</b>	<b>23.1</b>	<b>21.7</b>	<b>22.9</b>	<b>21.6</b>	<b>23.1</b>	<b>22.2</b>	<b>22.7</b>	<b>21.3</b>	<b>22.3</b>	<b>20.8</b>

ALDURSDREIFING Í DREIFNÁMI



Fjöldi nemenda í dreifnámi:

Skóli	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H	2021 V	2021 H	2022 V	2022 H
Byggingatækniskólinn	51	81	85	107	128	137	171	185	209	208
Hönnunar- og handverksskólinn							8			
Meistaraskólinn	260	245	224	249	303	368	400	436	427	418
Raftækniskólinn	101	101	95	109	118	147	140	114	112	142
Skipstjórnarskólinn	90	105	45	67	21	35	121	112	118	124
Tæknimenntaskólinn	21	19	5		28	1	38		14	
Upplýsingatækniskólinn		19		17		18				
Véltækniskólinn	28	36	11	13	3	4	2		8	11
<b>Tækniskólinn</b>	<b>551</b>	<b>606</b>	<b>465</b>	<b>562</b>	<b>601</b>	<b>710</b>	<b>880</b>	<b>847</b>	<b>888</b>	<b>903</b>


Meðalaldur nemenda í dreifnámi:

Skóli	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H	2021 V	2021 H	2022 V	2022 H
Byggingatækniskólinn	34.7	31.3	34.3	35.3	36.0	35.6	36.4	36.1	35.3	35.1
Hönnunar- og handverksskólinn							28.4			
Meistaraskólinn	36.7	36.6	36.9	37.0	37.2	36.7	37.2	37.0	37.9	36.9
Raftækniskólinn	33.5	33.0	33.6	33.6	34.0	35.0	35.7	35.9	36.4	34.2
Skipstjórnarskólinn	37.2	36.4	40.7	37.6	40.1	35.7	36.7	34.1	35.8	35.3
Tæknimenntaskólinn	32.0	39.0	39.2		36.7	26.0	35.6		36.4	
Upplýsingatækniskólinn		28.2		29.9		31.4				
Véltækniskólinn	38.8	39.4	33.4	36.5	29.0	38.5	38.5		30.1	29.6
<b>Tækniskólinn</b>	<b>36.0</b>	<b>35.3</b>	<b>36.0</b>	<b>35.9</b>	<b>36.4</b>	<b>35.9</b>	<b>36.6</b>	<b>36.3</b>	<b>36.7</b>	<b>35.8</b>


## KYNJASKIPTING




### Kynjaskipting í dagskóla - Hönnunar- og handverksskólinn




### Kynjaskipting í dagskóla - Raftækniskólinn







## Kynjaskipting í dagskóla - Upplýsingatækniskólinn




## Kynjaskipting í dagskóla - Vél tækniskólinn




### Kynjaskipting í dagskóla - Tækniakademían



### Kynjaskipting í dagskóla - Meistaraskólinn







## AFKOMA ÁRSINS

Heildartekjur ársins 2022 voru 5.292,7 milljónir, þar af sértekjur 488,5 milljónir. Rekstrargjöld námu 5.329,5 milljónum, þar af námu laun, aðkeypt kennsla og annar starfsmannakostnaður 3.999,9 milljónum. Afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld námu 85,5 milljónum og tap ársins var því 117,8 milljónir króna. Sem er viðsnúningur á milli ára um tæpar 288,9 milljónir króna.

Launahlutfall hækkar á milli ára, fer úr 71,95% í 75,55%.

Í árslok voru eignir 1.431,4 milljónir króna og eigið fé rúmar 747,7 milljónir. Eiginfjárhlutfall er 52,2% og lækkar um rúm 7% á milli ára.

## Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýringar	2022	2021*
<b>Rekstrartekjur</b>			
Þjónustusamningur Ríkissjóðs .....		4.804.237.905	4.777.395.687
Aðrar tekjur og styrkir .....		488.461.770	490.910.232
		<u>5.292.699.675</u>	<u>5.268.305.919</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og aðkeypt vinna .....		3.999.898.890	3.790.401.565
Rekstur húsnæðis .....		987.938.009	899.018.479
Annar rekstrarkostnaður .....		341.652.529	314.635.638
		<u>5.329.489.428</u>	<u>5.004.055.682</u>
<b>Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði</b>		(36.789.753)	264.250.237
Afskrift viðskiptavildar .....	2	4.500.000	4.500.000
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna .....	3	81.025.969	77.115.135
		<u>85.525.969</u>	<u>81.615.135</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(122.315.722)	182.635.102
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		21.626.630	5.616.259
Vaxtagjöld, verðbætur og bankakostnaður .....		(17.559.721)	(13.286.059)
Gengismunur .....		446.511	(3.904.173)
		<u>4.513.420</u>	<u>(11.573.973)</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<u>(117.802.302)</u>	<u>171.061.129</u>

**Tækniskólinn**  
skóli atvinnulífsins

